



TILFÆRSLA ELDISSTARFSEMI OG ELDISSVÆÐA ARNARLAX Í ARNARFIRÐI

Fyrirspurn um matsskyldu
Mat á umhverfisáhrifum



Nóvember 2020



Verknúmer: 12308013	SKÝRSLA NR.: 1	DREIFING: <input checked="" type="checkbox"/> OPIN <input type="checkbox"/> LOKUÐ TIL <input type="checkbox"/> HÁÐ LEYFI VERKKAUPA
	ÚTGÁFU NR.: 1	
	DAGS.: 2020-11-25	
	BLAÐSÍÐUR: 30	
	UPPLAG:	

HEITI SKÝRSLU:
Tilfærsla eldisstarfsemi og eldissvæða Arnarlax í Arnarfirði. Fyrirspurn um matsskyldu. Mat á umhverfisáhrifum.

HÖFUNDAR: Hugrún Gunnarsdóttir, Sigmar A. Steingrímsson, Áki Thoroddsen, Þorsteinn Másson	VERKEFNISSTJÓRI: Hugrún Gunnarsdóttir
---	---

UNNIÐ FYRIR: Arnarlax UMSJÓN: Þorsteinn Másson	SAMSTARFSADILAR:
---	-------------------------

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG:

ÚTDRÁTTUR:
Arnarlax áformar tilfærslu eldisstarfsemi á eldissvæði við Fossfjörð yfir á eldissvæði við Haganes og breytingu á legu og afmörkun eldissvæðanna við Haganes, Steinanes og Hringisdal. Lögð er fram fyrirspurn til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu vegna breytinga á framkvæmd. Fjallað er um núverandi eldisstarfsemi, fyrirhugaðar breytingar á eldissvæðum og áhrif þeirra á umhverfisþættina ástand sjávar, botnset og botndýralíf, laxfiska m.t.t. laxalúsar og fisksjúkdóma og nytjastofna Arnarfjarðar.

LYKILORÐ ÍSLENSK: Fyrirspurn um matsskyldu, sjókvíaelði.	LYKILORÐ ENSK: Screening document, sea cage fish farming.
--	---

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA: 	YFIRFARIÐ AF: Arnór P. Sigfússon
---	--

© Geta skal heimilda sé efni skýrslunnar afritað eða birt með einhverjum hætti.



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ii

Myndaskrá ii

Töfluskrá iii

1	Inngangur	1
1.1	Markmið og forsendur.....	1
1.2	Matskylda.....	1
1.3	Mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis Arnarlax í Arnarfirði.....	1
1.4	Forsaga og staða laxeldis í Arnarfirði.....	2
1.5	Önnur áform.....	2
1.6	Samráð.....	2
2	Staðhættir og umhverfi	2
2.1	Veður- og vindafar.....	4
2.2	Öldufar.....	4
3	Núverandi starfsemi Arnarlax í Arnarfirði	4
3.1	Framleiðsluáætlun.....	4
3.2	Vöktun og eftirlit eldissvæða.....	6
3.3	Viðbrögð við umhverfisástandi.....	6
4	Fyrirhuguð breyting á eldissvæðum í Arnarfirði	7
4.1	Eldissvæði í Fossfirði.....	8
4.2	Eldissvæði við Haganes.....	8
4.3	Eldissvæði við Steinanes.....	9
4.4	Eldissvæði við Hringsdal.....	10
5	Tillögur Hafrannsóknastofnunar að skiptingu eldissvæða í Arnarfirði	11
6	Skipulag og vernd	12
7	Áhrif breytingar	12
7.1	Ástand sjávar, botnset og botndýralíf.....	12
7.1.1	Flutningur framleiðslu frá eldissvæði í Fossfirði.....	12
7.1.2	Djúplag Arnarfjarðar.....	13
7.2	Laxfiskar - laxalús og fisksjúkdómar.....	17
7.3	Nytjastofnar.....	20
7.3.1	Rækja í Arnarfirði.....	20
7.3.2	Veiðar nytjastofna.....	25
8	Niðurstaða	26
9	Heimildir	28
Viðaukar	30	

Myndaskrá

Mynd 2.1	Eldissvæði Arnarlax í Arnarfirði. Sýnd er afmörkun sjókvíaeldissvæða A, B og C.....	3
Mynd 3.1	Samanlagður áætlaður lífmassi í tonnum á eldissvæðum Arnarlax í Arnarfirði 2020 til 2022.....	5
Mynd 3.2	Samanlagður áætlaður lífmassi í tonnum á eldissvæðum við Haganes og Fossfjörð á tímabilinu 2020 til 2022.	5
Mynd 4.1	Fyrirhuguð breyting eldissvæða við Haganes, Steinanes, Hringsdal og Fossfjörð og fjarlægð milli eldissvæða.....	8
Mynd 4.2	Núverandi eldissvæði við Haganes (gulur reitur) og fyrirhuguð tilfærsla eldissvæðis (blá brotalína) og ásamt svæði fyrir kvísamstæðu (grár reitur).....	9



Mynd 4.3	Núverandi eldissvæði við Steinanes (gulur reitur) og fyrirhuguð tilfærsla eldissvæðis (blá brotalína) ásamt svæði fyrir kvísamstæðu (grár reitur).....	10
Mynd 4.4	Núverandi eldissvæði við Hringsdal (gulur reitur) og fyrirhugað tilfærsla eldissvæðis (blá brotalína) ásamt svæði fyrir kvísamstæðu (grár reitur).....	11
Mynd 7.1	Straumakerfi í Arnarfirði. Hvítar örvar sýna straum á 15 m dýpi, svartar örvar sýna straum á 30 m dýpi og rauðar örvar sýna straum 10 m yfir botni á hverjum stað. Lega eldissvæða Arnarlax er sýnd.....	13
Mynd 7.2	Staðsetning sjómælinga í Arnarfirði til vöktunar á ástandi sjávar.....	14
Mynd 7.3	Fyrirhuguð lega eldissvæðis við Haganes. Botn á meira dýpi en 75 m er auðkenndur með bláum lit. Einnig er sýnt svæði kvísamstæðu innan eldissvæðisins (grár reitur). Innfeld mynd sýnir meginflutning sjávar á 5 m dýpi.....	15
Mynd 7.4	Fyrirhuguð lega eldissvæðis við Steinanes. Botn á meira dýpi en 75 m er auðkenndur með bláum lit. Einnig er sýnt svæði kvísamstæðu innan eldissvæðisins (grár reitur). Innfeld mynd sýnir meginflutning sjávar á 5 m dýpi.....	16
Mynd 7.5	Fyrirhuguð lega eldissvæðis við Hringsdal. Botn á meira dýpi en 75 m er auðkenndur með bláum lit. Einnig er sýnt svæði kvísamstæðu innan eldissvæðisins (grár reitur). Innfeld mynd sýnir meginflutning sjávar á 5 m dýpi.....	16
Mynd 7.6	Niðurstöður lúsatalninga (tíðni kynþroska kvendýr) í eldi Arnarlax í Arnarfirði (öll eldissvæði) frá 1. viku 2018 til 44. viku 2020.....	18
Mynd 7.7	Tíðni meðalfjölda laxalúsa á eldisfiski (kynþroska kvendýr) í Arnarfirði (öll eldissvæði) á þeim tíma árs sem vænta má að laxaseiði og göngusilungur sé á ferð um fjörðinn (júní til september). Tímabil vöktunar er frá 1. viku 2018 til 44. viku 2020.18	
Mynd 7.8	Meginflutningur á vatnsmassa á 5 m dýpi á eldissvæðum við Haganes, Hringsdal og Steinanes.....	20
Mynd 7.9	Útbreiðsla og magn rækju í Arnarfirði, samkvæmt stofnmælingu Hafrannsóknastofnunar. x sýnir stöðvar þar sem engin rækja fékkst.....	21
Mynd 7.10	Dreifing rækjuafla (tonn) í Arnarfirði.....	22
Mynd 7.11	Magn (fjöldi sjómílu ⁻¹) og útbreiðsla þorskseiða (rautt) og þorsks, 1 árs og eldri (grænt), í Arnarfirði.....	23
Mynd 7.12	Magn (fjöldi sjómílu ⁻¹) og útbreiðsla ýsuseiða (rautt) og þorsks, 1 árs og eldri (grænt), í Arnarfirði.....	24
Mynd 7.13	Yfirlit yfir dragnótaveiðar í Arnarfirði á árinu 2018. Mynd tekin úr Veiðafærasjá Hafrannsóknastofnunar.....	26

Töfluskrá

Tafla 3.1	Aðgerðaráætlun og viðbrögð Arnarlax er taka mið af niðurstöðum botnrannsóknna í Arnarfirði.....	7
Tafla 3.2	Niðurstöður úr síðustu botnrannsóknnum á eldissvæðum Arnarlax í Arnarfirði og næsta fyrirhugaða botnsýnataka.....	7
Tafla 7.1	Niðurstöður mælinga á súrefnisstyrk og súrefnismettun við botn Arnarfjarðar í október árin 2016 og 2019.....	14
Tafla 7.2	Stærð svæða fyrir kvísamstæður innan eldissvæða, sjá Mynd 7.3 til Mynd 7.5, meðaldýpi undir þeim og hlutfall (%) hvers svæðis sem er dýpra en 75 m.....	17



1 Inngangur

Arnarlax ehf. og Fjarðalax ehf. hafa sameinað rekstur sinn og við sameininguna hafa starfs- og rekstrarleyfi Fjarðarlax í Patreksfirði, Tálknafirði og Arnarfirði verið færð yfir á rekstraraðilann Arnarlax. Samhliða þessari breytingu á rekstraraðila er gert ráð fyrir að framleiðsla Arnarlax (áður Fjarðalax) í Fossfirði færist yfir á eldissvæði við Haganes með því að sameina starfs- og rekstrarleyfi Arnarlax í Arnarfirði og Fossfirði. Arnarlax hefur jafnframt hug á að breyta legu eldissvæða sinna við Haganes, Steinanes og Hringsdal í Arnarfirði. Breytingin felur í sér að snúa eldissvæðum þannig að hægt verði að staðsetja eldiskvíar betur innan þeirra.

Arnarlax óskar eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar á matsskyldu framangreindrar tilfærslu eldisstarfsemi og eldissvæða fyrirtækisins í Arnarfirði.

1.1 Markmið og forsendur

Markmið með tilfærslu eldisstarfsemi og eldissvæða Arnarlax í Arnarfirði er að tryggja betri eldiskilyrði þ.e. jafnari strauma og betra sýrefnisflæði fyrir eldisfisk, minnka möguleg umhverfisáhrif eldisins og bæta hagkvæmni rekstursins.

1.2 Matskylda

Fyrirhuguð breyting fellur í flokk B samkvæmt 13.02 lið í 1. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og er því tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

1.3 Mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis Arnarlax í Arnarfirði

Arnarlax stóð fyrir mati á umhverfisáhrifum 7.000 tonna framleiðsluaukningar sjókvíaeldis í Arnarfirði og var matskýrsla vegna þeirrar framkvæmdar skilað til Skipulagsstofnunar á árinu 2015. Álit Skipulagsstofnunar vegna þeirrar framkvæmdar var birt þann 2. september 2015.^{1,2}

Í álit Skipulagsstofnunar vegna framleiðsluaukningar kom fram að helstu neikvæðu áhrif af fyrirhuguðu eldi fælust í aukinni hættu á að fisksjúkdómar og laxalús berist frá eldinu í villta stofna laxfiska. Einnig að uppsöfnun lífræns úrgangs á botni myndi hafa talsverð neikvæð áhrif á sýrefnisinnihald við botn á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum. Í álitinu kom jafnframt fram að áhrif á botndýralíf væru talin talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað en fjær væru áhrif talin nokkuð neikvæð til óveruleg. Stofnunin lagði til að fylgst yrði með áhrifum eldisins á sýrefnisbúskap í dýpsta hluta Arnarfjarðar og að fyrirtækið tæki þátt í vöktun á sýrefnisstyrk og botndýralífi í botnlagi sjávar í firðinum.

Arnarlax óskaði þann 21. mars 2019 eftir ákvörðun um matsskyldu breytingar á hvíld eldissvæða í Arnarfirði, en breytingin var talin rúmast innan fyrra mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.³ Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 11. desember 2019 var breyting á hvíld eldissvæða ekki talin líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.⁴

Fjarðalax ehf. óskaði þann 16. febrúar 2010 eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eldis á 3.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Arnarfirði. Upphaflega var gert ráð fyrir að eldiskvíar yrðu staðsettar í Fossfirði, Geirþjófsfirði og Dynjandisvogi. Þann 10. febrúar 2011 var ákveðið að gera breytingu á fyrirhugaðri framkvæmd þannig að ársframleiðsla færi fram í sjókvíum í Fossfirði og yrði að meðaltali 1.500 tonn á ári, eða samtals 4.500 tonn yfir þriggja ára tímabil. Samkvæmt ákvörðun

¹ Verkís. 2015. Aukning framleiðslu Arnarlax á laxi í sjókvíum í Arnarfirði um 7.000 tonn á ári. Mat á umhverfisáhrifum. Matskýrsla.

² Skipulagsstofnun. 2015. Aukin framleiðsla Arnarlax á laxi í Arnarfirði um 7.000 tonn. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

³ Verkís. 2019. Arnarlax – Breyting á hvíldartíma eldissvæða í Arnarfirði.

⁴ Skipulagsstofnun. 2019. Breyting á hvíldartíma eldissvæða í Arnarfirði. Ákvörðun um matsskyldu.



Skipulagsstofnunar frá 5. maí 2011 var framkvæmdin ekki talin líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.⁵

1.4 Forsaga og staða laxeldis í Arnarfirði

Arnarlax og Fjarðalax ehf. hafa starfrækt laxeldi í sjókvíum í Arnarfirði á grundvelli starfsleyfis Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfis Matvælastofnunar samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Rekstrarleyfi Arnarlax fyrir 10.000 tonna ársframleiðslu á laxi var veitt á árinu 2016 á sex eldissvæðum í Arnarfirði þ.e. við Haganes, Steinanes, Hringsdal, Kirkjuból, Hlaðsbót og Tjaldaneseyrar. Rekstur sjókvíaeldis Arnarlax í Arnarfirði hófst á árinu 2014 og hefur félagið stundað eldi þar í sex ár. Samkvæmt núgildandi starfs- og rekstrarleyfum Arnarlax í Arnarfirði hefur fyrirtækið rekstrarleyfi til sjókvíaeldis á áðurnefndum sex eldissvæðum þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 10.000 tonn.⁶

Fjarðarlaxi var veitt rekstrarleyfi fyrir 4.500 tonna framleiðslu á þriggja ára tímabili á laxi á eldissvæði í Fossfirði á árinu 2012 og hóf laxeldi þar á árinu 2014. Fyrirtækið sameinaðist síðan Arnarlaxi á árinu 2016 og hefur Arnarlax síðan farið með stjórn þess félags. Starfsleyfi vegna sjókvíaeldis í Fossfirði var uppfært þann 25. ágúst 2020, þar sem leyfið var fært á rekstraraðilann Arnarlax. Að öðru leyti er starfsleyfið óbreytt. Arnarlax hefur rekstrarleyfi fyrir 4.500 tonna framleiðslu á laxi í Fossfirði á hverjum þremur árum þar sem lífmassi má ekki vera yfir 3.000 tonn á hverjum tíma samkvæmt starfsleyfi.⁷

Samanlagt er Arnarlax með rekstrarleyfi til sjókvíaeldis í Arnarfirði þar sem hámarkslífmassi má ekki fara yfir 13.000 tonn á hverjum tíma í firðinum.

1.5 Önnur áform

Arctic Sea Farm hefur áform um 4.000 tonna eldi á laxi sjókvíum á þremur svæðum í Arnarfirði; í Trostansfirði, við Hvestudal og við Lækjarbót. Fyrirtækið skilaði matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 25. júlí 2018 og var álit Skipulagsstofnunar birt þann 13. júlí 2020.

1.6 Samráð

Fulltrúar Arnarlax hafa átt þrjá fundi með fulltrúum Hafrannsóknastofnunar vegna fyrirhugaðra breytinga á eldissvæðum Arnarlax í Arnarfirði og vegna tillögu Hafrannsóknastofnunar um skiptingu eldissvæða í Arnarfirði.

Fulltrúar Arnarlax gerðu Hafrannsóknastofnun grein fyrir áformum og ástæðum þess að óskað er eftir breytingum á eldissvæðum í Arnarfirði á fundi með stofnuninni þann 20. apríl s.l. Sambærileg sjónarmið voru einnig reifuð á fundi með fulltrúum stofnunarinnar þann 20. febrúar s.l. þar sem farið var yfir fyrirhugaðar breytingar, möguleg áhrif og ástæður þess að ráðist er í þær.

Þann 7. september gerðu fulltrúar Arnarlax nánari grein fyrir breytingartillögu félagsins við tillögur Hafrannsóknastofnunar um skiptingu eldissvæða í Arnarfirði.


2 Staðhættir og umhverfi

Arnarfjörður er einn af syðri fjörðum Vestfjarða og skerst hann inn í landið í suðaustlæga stefnu. Fjörðurinn er rúmlega 40 km langur og umlukinn háum fjöllum. Innan við miðjan Arnarfjörð, við Langanes, greinist fjörðurinn í tvennt. Norðan við Langanes, sem er í miðju Arnarfjarðar, er Borgarfjörður er liggur beint til austurs. Sunnan Langaness eru Suðurfirðir, en þeir skiptast í Geirþjófsfjörð, Trostansfjörð, Reykjarfjörð, Fossfjörð og Bíldudalsvog, sjá Mynd 2.1.

⁵ Skipulagsstofnun. 2011. Eldi á 1.500 tonnum af laxi, í sjókvíum í Fossfirði. Fjarðalax ehf. Ákvörðun um matsskyldu.

⁶ Matvælastofnun. 2016. Rekstrarleyfi. Arnarlax hf. FE-1105.

⁷ Fiskistofa. 2012. Rekstrarleyfi til fiskeldis. Fjarðalax ehf. IS-36094.



Mynd 2.1 Eldissvæði Arnarlax í Arnarfirði. Sýnd er afmörkun sjókvíaeldissvæða A, B og C.



2.1 Veður- og vindafar

Í Arnarfirði eru suðvestanáttir ríkjandi um í um 50% af árinu og norðaustanáttir ríkjandi 30% af árinu. Einnig er mestur vindhraði samfara þessum áttum. Norðvestanáttir sem blása beint inn fjörðinn eru aftur á móti mjög sjaldgæfar. Innlögn leggur inn Arnarfjörðinn en dalir í firðinum eru almennt skjólgóðir sbr. Hvestudal og Bíldudal. Í Arnarfirði má gera ráð fyrir að 10 mínútna meðalvindur nái að jafnaði 25 m/s í 0,5-1 tilviki á ári að jafnaði. Þegar vindur er hægur og veður svalt leggur loftstrauma gjarnan út Arnarfjörð.⁸

2.2 Öldufar

Niðurstöður Siglingastofnunar á öldufari og ölduhæð í Arnarfirði sýna að áhrif úthafsöldu minnka eftir því sem innar dregur í firðinum.⁹ Í innfjörðum Arnarfjarðar er almennt lítil alda en vegna stærðar fjarðarins geta myndast þar stórar vindöldur sem við ákveðnar aðstæður geta verið háar og krappar. Í fávíðri (> 35 m/s) má má búast við að vindbára geti náð 2-3 metrum utar í Arnarfirði en í suðurfjörðum Arnarfjarðar dregur úr ölduhæðinni.

Samkvæmt líkanaútreikningi vegna staðarúttekta á eldissvæðum Arnarlax í Arnarfirði má búast við að stærstu vindbáru komi úr norðvestri, þær verði lægstar við Haganes (2,0 m) en hæstar við Hringsdal (3,49 m).^{10,11,12} Þannig er umhverfisálag með tilliti til ölduhæðar töluvert minna við Haganes og Steinanes en utar í Arnarfirðinum.

3 Núverandi starfsemi Arnarlax í Arnarfirði

Sjókvaeldis Arnarlax í Arnarfirði er kynslóðaskipt og miðast eldið við þrjú skilgreind sjókvaeldissvæði, A, B, og C, sjá Mynd 2.1. Framleiðslan skiptist á eftirfarandi sjókvaeldissvæði:

- Sjókvaeldissvæði A (eldissvæði við Haganes, Steinanes og Fossfjörð)
- Sjókvaeldissvæði B (eldissvæði við Tjaldaneseyrar og Hlaðsbót)
- Sjókvaeldissvæði C (eldissvæði við Hringsdal og Kirkjuból)

3.1 Framleiðsluáætlun

Arnarlax hefur sett út seiði í sjókvíar á sjókvaeldissvæði A á árinu 2020 eða nánar tiltekið á eldissvæði við Steinanes, Haganes og í Fossfirði. Sett voru út 1.800.000 seiði á eldissvæðið við Steinanes vorið 2020. Meðalþyngd seiða var 170 grömm. Haustið 2020 voru sett út 1.200.000 seiði í sjókvíar á eldissvæði við Haganes og 600.000 seiði á eldissvæði í Fossfirði. Meðalþyngd seiða við útsetningu var 114 grömm. Gert er ráð fyrir að eldisferillinn verði um 21-27 mánuðir og að slátrun eldisfisks hefjist um mitt ár 2022 og verði lokið fyrir árslok sama ár. Eldissvæðin eru öll innan sama sjókvaeldissvæðis og því er útsetning seiða og hvíld eldissvæða samræmd á milli þeirra.

Arnarlax gerir ráð fyrir að flytja eldisfisk sem settur hefur verið út á eldissvæði í Fossfirði yfir á eldissvæði við Haganes þegar búið er að sameina starfs- og rekstrarleyfi félagsins í Arnarfirði. Með þessari breytingu er fyrirtækið þó ekki að fullnýta núverandi framleiðsluheimildir sínar og felur hún ekki í sér breytingu á framleiðslumagni, hvíld eða hámarkslífmassa vegna eldisins.

⁸ Tækniþjónusta Vestfjarða. 2007. Fjórðungssamband Vestfirðinga. Ólíuhreinsunarstöð. Staðarval. Áfangi II. Viðauki nr. 3.

⁹ Ingunn E. Jónsdóttir og Sigurður Sigurðsson. 2007. Vestfirðir. Öldufarsrannsóknir – Áfangaskýrsla. Unnið fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga. Siglingastofnun


¹⁰ Eriksen, S. D. 2017. Arnarlax hf. Lokalitetsrapport Haganes. Akvaplan-niva rapport nr 8803.

¹¹ Eriksen, S. D. and Gunnarsson, S. 2016. Arnarlax ehf. Lokalitetsrapport Steinanes. Akvaplan-niva rapport nr 8453.02.

¹² Eriksen, S. D. 2016. Arnarlax ehf. Lokalitetsrapport Hringsdalur. Akvaplan-niva rapport nr 8639.01. 35 bls




Gert er ráð fyrir að flutningur eldisfisks frá Fossfirði yfir á Haganes fari fram í júlí 2021 þegar sjór er tekinn að hlýna. Með flutningi eldisfisks frá eldissvæði í Fossfirði yfir á eldissvæði við Haganes mun lífmassi aukist á Haganesi í samræmi við það eldismagn sem flutt verður. Áætlaður heildarlífmassi sjókvíaeldis Arnarlax í Arnarfirði samkvæmt framleiðsluáætlun fyrir tímabilið 2020 til 2022 er sýndur á Mynd 3.1.



Mynd 3.1 Samanlagður áætlaður lífmassi í tonnum á eldissvæðum Arnarlax í Arnarfirði 2020 til 2022.

Samkvæmt framleiðsluáætlun mun samanlagður lífmassi eldissvæða Arnarlax í Arnarfirði fara hæst í um 10.000 tonn haustið 2021 og vorið 2022. Samanlagður lífmassi eldissvæða við Haganes og í Fossfirði er sýndur á Mynd 3.2, en hann verður hæstur um 6.800 tonn vorið 2022. Þegar slátrun lýkur á eldissvæði við Haganes verður eldissvæði síðan hvílt að lágmarki í þrjá mánuði eða í samræmi við niðurstöður úr vöktun botnsýnatöku.



Mynd 3.2 Samanlagður áætlaður lífmassi í tonnum á eldissvæðum við Haganes og Fossfjörð á tímabilinu 2020 til 2022.



3.2 Vöktun og eftirlit eldissvæða

Umhverfisvöktun og rannsóknir á eldissvæðum Arnarlax fylgja viðmiðum og kröfum sem gerðar eru í norska staðlinum NS9410:2016. Vöktun fer fram á uppsöfnun á lífrænu kolefni (TOC), köfnunarefni (N), fosfór (P) og súlfíð (H₂S) í botnseti samkvæmt stöðlunum ISO 16665:2014, ISO5667-19:2004 og stöðlum sem settir eru af Aquaculture Stewardship Council (1.1 ASC Salmon Standart, 2012) en Arnarlax hefur öðlast umhverfisstöðvar samkvæmt þeim staðli á framleiðslu sinni. Sýni eru tekin á hverju eldissvæði áður en eldi hefst, einnig þegar hámarkslífmassa er náð og svo þegar eldissvæðið hefur verið hvílt í kjölfar hvernar eldislotu. Vöktunaráætlun tekur jafnframt mið að leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og er unnin í samráði við stofnunina. Ársskýrslur vegna vöktunar eldissvæða Arnarlax í Arnarfirði 2018¹³ og 2019¹⁴ eru aðgengilegar á vef Umhverfisstofnunar og í Viðaukum 1 og 2.

Allar sjókvíaeldisstöðvar Arnarlax eru vottaðar samkvæmt staðlinum NS9415:2009 og framkvæmdir eru staðarúttektir á öllum eldissvæðum þar sem koma á fyrir eldisstöðvum. Í slíkri úttekt er lagt mat á umhverfisálag vegna vinda, strauma og öldu á viðkomandi svæðum. Eldisbúnaður á að standast það umhverfisálag sem staðarúttektir gera grein fyrir.

Við rekstur sjókvíaeldisins er fylgst vel með veður- og ölduspá s.s. lofthita, sjávarhita, vindhraða og ísingarhættu. Ef veðurspá gerir ráð fyrir 20 m/s vindhraða er farið ítarlega yfir eldisbúnað á eldissvæðum og ekki er farið með báta úr höfn nema að vel athuguðu máli þar sem öryggi starfsmanna er alltaf haft að leiðarljósi. Þrátt fyrir langvarandi slæm veður síðastliðinn vetur stóð eldisbúnaður þau af sér. Það á líka við um eldisbúnað á eldissvæði við Hringsdal sem er meira útsettur fyrir veðurálagi en búnaður á eldissvæðum við Steinanes og Haganes. Líkur á að slæm vetrarveður hafi neikvæð áhrif í för með sér eru taldar litlar þar sem eldisbúnaður á að þola það umhverfisálag sem skilgreint hefur verið fyrir hvert eldissvæði og búast má við á hverjum stað.

3.3 Viðbrögð við umhverfisástandi

Ef niðurstöður úr botnrannsóknum við eldissvæði Arnarlax leiða í ljós að ástand botns eða botndýralífs er ekki nógu gott er gripið til aðgerða. Aðgerðir miða ýmist að því að lengja hvíldartíma, færa kvíastæði innan eldissvæðis, fækka útsettum seiðum á eldissvæði og draga þannig úr lífmassa eða þá að hætta að nota eldissvæðið. Öll viðbrögð og aðgerðir eru gerðar í samvinnu við Umhverfisstofnun. Viðbrögð við ástandi eldissvæða ráðast af niðurstöðum botnrannsókna. Arnarlax notast við fjögra þrepa mælikvarða í viðbrögðum sínum við ástandi eldissvæða, en sá mælikvarði byggir á norska staðlinum NS9410:2016, sjá Tafla 3.1.

¹³ Snorri Gunnarsson. 2019.. Ársskýrsla vegna vöktunar 2018. Arnarlax hf. Akvaplan niva AS.

¹⁴ Snorri Gunnarsson. 2020. Ársskýrsla vegna vöktunar 2019. Arnarlax hf. Akvaplan niva AS.



Tafla 3.1 Viðbragðsáætlun Arnarlax¹⁵ við ástandi eldissvæða, er tekur mið af niðurstöðum botnrannsóknna í Arnarfirði.

	Niðurstaða úr sýnatöku (MOM-B)	Næstu skref	Mögulegar mótvægisáðgerðir í samvinnu við eftirlitsaðila				
1	Mjög gott	Eðlilegur hvíldartími og lífmassi	Eldi samkvæmt áætlun				
2	Gott	Eðlilegur hvíldartími og lífmassi	Eldi samkvæmt áætlun				
3	Slæmt	Tilkynna eftirlitsaðila		Aukin hvíld eftir slátrun	Færa eldiskvíar innan svæðis	Minnka lífmassa	Hætta að nota svæði/færa eldi á annað svæði
4	Mjög slæmt	Tilkynna eftirlitsaðila		Aukin hvíld eftir slátrun	Færa eldiskvíar innan svæðis	Minnka lífmassa	Hætta að nota svæði/færa eldi á annað svæði

Tafla 3.2 sýnir helstu niðurstöður síðustu botnrannsóknna sem farið hafa fram á eldissvæðum við Haganes, Steinanes og Hringsdal á árunum 2018 til 2020. Ástand eldissvæða hefur verið *Mjög gott* eða *Gott* á þessu tímabili, bæði þegar lífmassi eldissvæða er í hámarki og við lok hvíldar svæðanna og hefur því ekki krafist viðbragða af hálfu Arnarlax sbr. Tafla 3.1. Í töflunni kemur einnig fram hvenær næstu botnrannsóknir eru áformaðar á eldissvæðum við Haganes, Steinanes og Hringsdal.

Tafla 3.2 Niðurstöður úr síðustu botnrannsóknnum á eldissvæðum Arnarlax í Arnarfirði og næsta fyrirhugaða botnsýnataka.


Eldissvæði	Botnrannsókn (MOM-B)	Botnrannsókn (MOM-B)	Næsta botnrannsókn
Haganes	2018: 1 Mjög gott. Hámarks lífmassi	2020: 1 Mjög gott. Hvíldarsýnataka	2022 Hámarks lífmassi
Steinanes	2018: 2 Gott. Hámarks lífmassi	2020: 1 Mjög gott. Hvíldarsýnataka	2021 Hámarks lífmassi
Hringsdalur	2018: 1 Mjög gott. Hvíldarsýnataka	2019: 1 Mjög gott. Hámarks lífmassi	2021 Hvíldarsýnataka

4 Fyrirhuguð breyting á eldissvæðum í Arnarfirði

Fyrirhuguð breyting á eldissvæðum Arnarlax í Arnarfirði felur í sér annars vegar tilfærslu eldisstarfsemi á eldissvæði við Fossfjörð yfir á eldissvæði við Haganes og hins vegar að breyta legu og afmörkun eldissvæðanna við Haganes, Steinanes og Hringsdal, sjá Mynd 4.1. Á myndinni er sýnd fjarlægð milli eldissvæða Arnarlax.

Megin tilgangur þessara breytinga er að hafa kost á því að snúa kvísamstæðum þvert á straumstefnu og tryggja þannig jafnari strauma og betra súrefnisflæði um eldiskvíarnar, minnka möguleg umhverfisáhrif og að rými sé til staðar til að færa eldiskvíar til innan eldissvæðanna ef bregðast þarf við vegna uppsöfnunar lífrænna efna undir kvíunum.

¹⁵ Arnarlax. 2019. Uppfærð viðbragðsáætlun Arnarlax vegna eldissvæða í Arnarfirði. Dags. 14. október 2019.



Mynd 4.1 Fyrirhuguð breyting eldissvæða við Haganes, Steinanes, Hringisdal og Fossfjörð og fjarlægð milli eldissvæða.

4.1 Eldissvæði í Fossfirði


Eldissvæði Arnarlax í Fossfirði er á sjókvíaeldissvæði A. Það er staðsett vestan megin í Fossfirði og byggðist staðsetning þess m.a. á fjarlægð frá landi og að fóðrun eldisfisks færi fram þaðan. Eldissvæðið er í um 300 m fjarlægð frá landi. Við staðsetningu eldissvæðisins var einnig horft til eldiskilyrða og umhverfisálags, en dýpi á eldissvæðinu er víðast 60-80 metrar.¹⁶ Nú er ekki lengur þörf á að fóðra eldisfisks frá landi og hafa forsendur fyrir eldi í Fossfirði því breyst.

Eins og fram hefur komið áformar Arnarlax að færa núverandi eldismagn í Fossfirði yfir á eldissvæði við Haganes. Skilyrði á eldissvæði við Haganes eru talin betri en á eldissvæði í Fossfirði, en auk þess er gert er ráð fyrir að tilfærslan skili sér í jafnari straumum og betra súrefnisflæði fyrir eldisfisk. Einnig hafi það í heild í för með sér minni uppsöfnun lífrænna efna og mögulega minni áhrif á botn- og botndýralíf í firðinum. Stefnt er að flutning eldisfisks frá Fossfirði yfir á Haganes í júlí 2021.

4.2 Eldissvæði við Haganes

Eldissvæðið við Haganes er á sjókvíaeldissvæði A og hefur Arnarlax stundað þar eldi síðan 2014, sjá Mynd 4.2. Með tilfærslu eldisins frá eldissvæði í Fossfirði yfir á eldissvæði við Haganes, er gert ráð fyrir að koma eldiskvíum þannig fyrir að þeim verði raðað þvert á straumstefnu. Með þessu móti verður straumur jafnari í eldiskvíum, en miðað er við að snúa eldisbúnaði þannig að straumur og straumhraði verði sem hagstæðastur eldisfiski og bæti súrefnisflæði í kvíunum. Hæfilegur straumur og gott súrefnisflæði eru mikilvægir þættir til að tryggja velferð og góðan vöxt eldisfisks í kvíunum. Breytingin dregur ennfremur úr smítalagi vegna laxalúsar og fisksjúkdóma í eldinu. Botn undir eldiskvíum við Haganes er víða harður en það bendir til að víða hindri botnstraumur uppsöfnun sets undir eldiskvíum.

¹⁶ Jón Örn Pálsson. 2013. Umhverfisáhrif af 4.500 tonna framleiðsluaukningu á laxi í Fossfirði. Fjarðalax.




Mynd 4.2 Núverandi eldissvæði við Haganes (gulur reitur) og fyrirhuguð tilfærsla eldissvæðis (blá brotalína) og ásamt svæði fyrir kvísamstæðu (grár reitur).

Eins og sjá má á Mynd 4.2 er gert ráð fyrir að afmörkun eldissvæðisins verði heldur rýmri eftir breytingu. Það þjónar þeim tilgangi að hafa möguleika á að færa kvísamstæðu til innan eldissvæðisins, ef bregðast þarf við vegna uppsöfnunar lífrænna efna eða versnandi ástands botns eða botndýralífs undir eldiskvíum.

4.3 Eldissvæði við Steinanes

Eldissvæði við Steinanes er á sjókvíeldissvæði A og þar hefur Arnarlax stundað eldi frá árinu 2016. Tilfærsla eldissvæðisins miðar við að raða eldiskvíum þvert á straum og straumstefnu til að tryggja gott súrefnisflæði og tryggja þannig betur vöxt og velferð eldisfisks. Gert ráð fyrir að afmörkun eldissvæðisins verði heldur rýmri eftir breytingu, sjá Mynd 4.3. Það er gert í þeim tilgangi að geta fært kvísamstæðu til innan eldissvæðisins, ef bregðast þarf við vegna uppsöfnunar lífrænna efna eða versnandi ástands botns eða botndýralífs undir eldiskvíum.




Mynd 4.3 Núverandi eldissvæði við Steinanes (gulur reitur) og fyrirhuguð tilfærsla eldissvæðis (blá brotalína) ásamt svæði fyrir kvíasamstæðu (grár reitur).

4.4 Eldissvæði við Hringsdal

Eldissvæði við Hringsdal er á sjókvíeldissvæði C og hefur Arnarlax stundað eldi þar frá árinu 2016. Enginn eldisfiskur er á eldissvæði við Hringsdal sem stendur en miðað er við að þar verði hægt að koma eldiskvíum fyrir þannig að þær snúi þvert á straum og straumstefnu, í þeim tilgangi að tryggja betra súrefnisflæði og bæta vöxt og velferð eldisfisks.

Eins og sjá má á Mynd 4.4 er gert ráð fyrir að afmörkun eldissvæðisins verði heldur rýmri eftir breytingu. Það þjónar þeim tilgangi að geta fært kvíasamstæðu til innan eldissvæðisins, ef sú staða kæmi upp að bregðast þurfi við vegna uppsöfnunar lífrænna efna eða versnandi ástands botns eða botndýralífs undir eldiskvíum.



Mynd 4.4 Núverandi eldissvæði við Hríngsdal (gulur reitur) og fyrirhugað tilfærsla eldissvæðis (blá brotalína) ásamt svæði fyrir kvísamstæðu (grár reitur).

5 Tillögur Hafrannsóknastofnunar að skiptingu eldissvæða í Arnarfirði

Hafrannsóknastofnun kynnti þann 12 júní 2020 tillögu að skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar mögulegra eldissvæða.¹⁷ Í skýrslunni er gerð tillaga að skiptingu fjarðarins í eldissvæði ásamt því að gera annars vegar tillögu að hámarkslífmassa á hverju eldissvæði og hins vegar að hámarkslífmassa á hverju sjókvíaeldissvæði. Stofnunin leggur til að hámarkslífmassi á sjókvíaeldissvæði A, þar sem eldissvæði Arnarlax við Haganes, Steinanes og Fossfjörð eru staðsett, verði 15.000 tonn. Jafnframt leggur stofnunin til að hámarkslífmassi á eldissvæðinu við Steinanes verði ekki meiri en 7.000 tonn og að hámarkslífmassi á sameinuðu eldissvæði sem nær frá Haganesi og inn í Fossfjörð verði ekki meiri en 7000 tonn á hverjum tíma.

Hafrannsóknastofnun sendi Skipulagsstofnun tillöguna til kynningar þann 3. júlí 2020 í samræmi við 4. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Kynningartíma tillögu Hafrannsóknastofnunar lauk þann 7. ágúst s.l. (Skipulagsstofnun, 2020)

Í athugasemdum Arnarlax við tillögu Hafrannsóknastofnunar, dags. þann 6. júlí 2020, er bent á að það sé reynsla félagsins að lega sjókvía þvert á straum auki vöxt, fiskivelferð og fyrirbyggi uppsöfnun óæskilegra lífrænna efna frá eldinu. Forsenda þess að hægt sé að staðsetja sjókvíar á sem bestan hátt með tilliti til straumstefnu er að eldissvæðin séu nægjanlega stór að umfangi. Í öðru lagi þurfi lega og stærð eldissvæða að vera með þeim hætti að hægt sé að færa eldisbúnað til á eldissvæðinu ef bregðast þurfi við uppsöfnun lífrænna efna undir kvíum. Í þriðja lagi er bent á að akkeri og festingar eldiskvíar eru innan afmarkaðs eldissvæðis, en þær ná yfirleitt töluvert langt út frá sjókvíunum sjálfum. Lífræn efni falli þar með ekki til botns á mesta dýpi í útjaðri eldissvæðis, heldur á grynna svæði. Í fjórða lagi bendir Arnarlax á að reynsla fyrirtækisins af eldi á eldissvæðinu við Haganes gefi til kynna að svæðið hentar vel til eldis en niðurstöður vöktunar á eldissvæðinu styðja það.

¹⁷ Hafrannsóknastofnun. 2020. Tillaga að skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu mögulegu heildarnýtingu eldissvæða. Hafnarfjörður: Hafrannsóknastofnun.



6 Skipulag og vernd

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 takmarkast aðalskipulag sveitarfélaga við línu sem liggur 115 m utan við stórstraumsfjöruborð (netlög). Á strandsvæðinu utan þess (netalaga) er engin skipulagsáætlun í gildi. Nú er unnið er að gerð strandsvæðaskipulags á Vestfjörðum og sett hefur verið fram lýsing á gerð skipulagsins.¹⁸ Í strandsvæðaskipulaginu verður sett fram stefna og ákvarðanir stjórnvalda um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins. Strandsvæðisskipulagið mun leggja grunn að leyfisveitingum fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á því svæði sem skipulagið tekur til.

Engin friðlýst svæði eru í sjó í Arnarfirði og engin svæði á náttúruminjasrá eru í nálægð við eldissvæði.

7 Áhrif breytingar

Í matsskýrslu Arnarlax frá árinu 2015 var lagt mat á áhrif 7.000 tonna framleiðsluaukningar á eftirfarandi umhverfispætti: Ástand sjávar og strandsvæða, botndýralíf, annað sjávarlíf (svif- og botnþörungur, nytjastofnar, laxfiskar og sjávarspendýr), fugla, ásynnd, samfélag og sjávar- og strandnýtingu. Þá liggur fyrir að forsendur áætlunar um burðarþol Arnarfjarðar er að helmingur fasts úrgangs frá eldisstarfsemi lendi í botnlagi fjarðarins þ.e.a.s. fyrir neðan þröskuldsdýpi (60 m).¹⁹

Breyting á framangreindri framkvæmd felur í sér flutning eldis frá eldissvæði í Fossfirði yfir á eldissvæði við Haganes og breytta legu og afmörkun eldissvæða við Haganes, Steinanes og Hringisdal. Engin breyting verður á framleiðslumagni, hámarkslífmassa eða hvíld eldissvæða.

Færsla eldissvæðis á meira dýpi getur haft þau áhrif að meira af úrgangi falli í botnlag Arnarfjarðar og lækki þannig súrefnisstyrk sjávar í þeim hluta fjarðarins. Ný lega eldisþyrpinga, þvert á straumstefnu, er líkleg til að draga úr smítalagi vegna laxalúsar og smitsjúkdóma, miðað við núverandi fyrirkomulag. Þá þarf einnig að horfa til þess að upp hafa komið tilvik þar sem þurft hefur að nota lúsalyf í eldi í Arnarfirði, sem kann að hafa eitrunaráhrif m.a. á rækju. Mögulegt er að breytt framkvæmd hafi önnur áhrif en um var fjallað í umhverfismati varðandi ástand botnsjávar og botndýralíf þar, laxalús og sjúkdóma og einnig nytjastofna Arnarfjarðar vegna notkunar á lúsalyfjum í eldinu.

Í eftirfarandi köflum eru metin líkleg áhrif fyrirhugaðrar breytingar á ástand sjávar, botnset og botndýralíf, laxfiska með tilliti til laxalúsar og fisksjúkdóma og á nytjastofna sjávar.

7.1 Ástand sjávar, botnset og botndýralíf

Með tilliti til burðarþols Arnarfjarðar telur Hafrannsóknastofnun æskilegt að eldissvæði í firðinum séu staðsett þannig að úrgangur frá eldinu lendi ekki allur á hafsbotni neðan við 75 m dýpi.²⁰ Breytt tilhögun eldissvæða Arnarlax mun ekki leiða til annars umfangs á lífrænum úrgangi frá eldinu en um var fjallað á sínum tíma í umhverfismati laxeldis fyrirtækisins. Hins vegar mun breytt staðsetningu eldissvæða mögulega leiða til þess að dreifing lífræns úrgangs frá eldinu verði önnur neðan við 75 m dýpi en lýst var í umhverfismatinu. Þá er gert ráð fyrir að framleiðsla Arnarlax í Fossfirði færir yfir á eldissvæðið við Haganes. Um þessi atriði verður nú fjallað með tilliti til ástands sjávar, botnsets og botndýralífs.

7.1.1 Flutningur framleiðslu frá eldissvæði í Fossfirði

Eins og fram hefur komið verður núverandi eldismagn í Fossfirði fært yfir á eldissvæði við Haganes. Tillaga Hafrannsóknastofnunar að skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði, sem nú er til meðferðar, byggir á burðarþolsmati frá árinu 2015. Samkvæmt tillögunni þolir sjókvíaeldissvæði A allt að 15.000 tonna hámarkslífmassa, en innan svæðisins hefur eldi verið stundað við Haganes, Steinanes og í Fossfirði. Skilgreind eru þrjú eldissvæði innan sjókvíaeldissvæðis A og eitt þeirra nær yfir núverandi eldissvæði (sjókvíaeldisstöðvar) við Haganes og í Fossfirði (nefnd undirsvæði í tillögunni) og leggur stofnunin til að

¹⁸ Skipulagsstofnun. 2020. Lýsing fyrir gerð strandsvæðaskipulags. Vestfirðir. Strandsvæðaskipulag.

¹⁹ Hafrannsóknastofnun. 2020. Tillaga að skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu mögulegu heildarnýtingu eldissvæða. Hafnarfjörður: Hafrannsóknarstofnun.


²⁰ Hafrannsóknastofnun. 2015. Greinargerð: Bráðabirgðamat á burðarþoli Arnarfjarðar m.t.t. sjókvíaeldis. Reykjavík: Hafrannsóknarstofnun.

hámarkslífmassi eldissvæðisins verði 7.000 tonn.²¹ Framleiðsluáætlun Arnarlax gerir ráð fyrir að framleiðslan við Haganes rúmist innan þeirra marka, sjá Mynd 3.2. Þó leyfilegt framleiðslumagn í Fossfirði færast yfir á Haganes er því ekki um að ræða aukinn lífmassa á sjókvíaeldissvæði A. Álag á vistkerfi Arnarfjarðar ætti því ekki að verða umfram áætlað burðarþol fjarðarins.

7.1.2 Djúplag Arnarfjarðar

Í fjörðum þar sem þröskuldur er við mynni fjarðar getur verið tvísýnt um endurnýjun sjávar og súrefnis í botnlagi þeirra. Arnarfjörður hefur slíkan eiginleika. Vegna fiskeldis í firðinum þarf því sérstaklega að gæta þess að lífríki í botnlaginu skaðist ekki á því tímabili sem lágmarksstyrkur súrefnis í dýpstu hluta fjarðarins varir, í byrjun vetrar ár hvert.

Hringrás meðalstraums í Arnarfirði er almennt þannig að sjór berst inn í fjörðinn sunnan til og út úr honum að norðan. Almennt er straumstefnan áþekkt á öllum dýpum en í innfjörðum Arnarfjarðar eru dæmi þess að sjór flytjist í eina átt við yfirborð en aðra átt niður við botn, sjá Mynd 7.1.



Mynd 7.1 Straumakerfi í Arnarfirði. Hvítar örvar sýna straum á 15 m dýpi, svartar örvar sýna straum á 30 m dýpi og rauðar örvar sýna straum 10 m yfir botni á hverjum stað.²² Lega eldissvæða Arnarlax er sýnd.

Meðan á árvissri lagskipting stendur er straumur í botnlagi Arnarfjarðar minni en í sjávarlögum þar fyrir ofan.²³

Mælingar Hafrannsóknastofnunar, sem gerðar voru í september 2016, leiddu í ljós að fyrir neðan 70 metra dýpi í Arnarfirði var súrefnismettun sjávar 51-68 %²⁴ og við náttúrulegar aðstæður getur styrkur súrefnis við botn orðið lægstur um 3 ml/l síðla hausts í suðurfjörðum Arnarfjarðar.²⁵ Álitid er að við svo lágan styrk fari tegundafjölbreytileiki botndýra minnkandi.²⁶

²¹ Hafrannsóknastofnun. 2020. Tillaga að skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu mögulegu heildarnýtingu eldissvæða. Hafnarfjörður: Hafrannsóknarstofnun.

²² Hafrannsóknastofnun. 2020. Tillaga að skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar eldissvæða. Hafnarfjörður: Hafrannsóknarstofnun.


²³ Hafrannsóknastofnun. 2015. Greinargerð: Bráðabirgðamat á burðarþoli Arnarfjarðar m.t.t. sjókvíaeldis. Reykjavík: Hafrannsóknarstofnun.

²⁴ Sólveig R. Ólafsdóttir, Alice Benoit-Cattin og Magnús Danielsen. 2017. Endurnýjun næringarefna nærri botni í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi. Reykjavík: Hafrannsóknarstofnun, HV 2017-035.

²⁵ Hafrannsóknastofnun. 2015. Greinargerð: Bráðabirgðamat á burðarþoli Arnarfjarðar m.t.t. sjókvíaeldis. Reykjavík: Hafrannsóknarstofnun.

²⁶ Buhl-Mortensen, L. Aure, J. Alve, E., Oug, E. & Husum K. 2006. Effects of hypoxia on fjordfauna: The bottomfauna and environment in fjords on the Skagerrak coast. *Fisken og Havet* 3:108 p.

Fylgst er með ástandi sjávar á þremur staðsetningum í Arnarfirði á þeim tíma árs sem súrefnisstyrkur djúpsjávar er lægstur, sjá Mynd 7.2.



Mynd 7.2 Staðsetning sjómælinga í Arnarfirði til vöktunar á ástandi sjávar.

Súrefnisástand við botn var áþekkt árin 2016 og 2019, en seinna árið var ástandið þó verra í Borgarfirði (Gíslasker), sjá Tafla 7.1. Samkvæmt þessu má álykta að ekki hafi komið fram merki um að eldisstarfsemi hafi raskað náttúrulegu ástandi botnsjávar í Arnarfirði.

Tafla 7.1 Niðurstöður mælinga á súrefnisstyrk og súrefnismettun við botn Arnarfjarðar í október árin 2016 og 2019.^{27,28}

Mælistaður	Dýpi (m)	2016		2019	
		Súrefnisstyrkur (ml/l)*	Súrefnismettun (%)	Súrefnisstyrkur (ml/l)	Súrefnismettun (%)
Baulhús	100	3,78	56	3,61	52
Gíslasker	115	3,78	55	2,88	41
Haganes	100	3,36	49	5,21	76

* Í Margrét Thorsteinsson og Cristian Gallo (2017) er styrkur í mg/l. 1 mg/l = 0.700 ml/l (<http://ocean.ices.dk/Tools/UnitConversion.aspx>)

Reglulega er fylgst með ástandi sjávar, botnsets og botndýralífs undir kvíum á eldissvæðum Arnarlax, bæði þegar lífmassi er í hámarki og við lok hvíldartíma. Við mat á ástandi eldissvæða eru notaðir vísar í samræmi við norska staðalinn NS 9410:2016 og ASC-staðalinn.

Niðurstöður vöktunar í lok hvíldartíma við Haganes í maí 2020 sýndu að botnset var enn nokkuð hlaðið lífrænu efni en ekki merki um áhrif mengunar á lífríki botnsins. Ástand á svæði næst eldiskvíum (e. local impact zone)²⁹ flokkaðist sem mjög gott og engin vísitengund fyrir mengun var meðal tíu algengustu tegunda botndýra. Súrefnismettun við botn var 98%.³⁰

Í lok hvíldar á eldi við Hringsdal árið 2018 reyndist botnset næst eldiskvíum nokkuð hlaðið lífrænu efni og vísitengundir fyrir mengun voru meðal tíu algengustu tegunda botndýra. Eftir sem áður flokkaðist

²⁷ Margrét Thorsteinsson og Cristian Gallo. 2017. Súrefnismælingar í Arnarfirði 2016 - október og desember. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 08-17.

²⁸ Margrét Thorsteinsson. 2019. Súrefnismæling 18. október 2019. Arnarlax (Arnarfjörður). Patreksfjörður: Náttúrustofa Vestfjarða, NVG nr. 05-19.

²⁹ Staðallinn NS 9410:2016 skilgreinir „local impact Zone (C1)“ sem svæði við eldiskvíar og næsta nágrenni þeirra. Á því svæði fellur til mest af lífrænum úrgangi frá eldinu.


³⁰ Hans-Petter Mannvik og Snorri Gunnarsson. 2020. Arnarlax hf. C-survey (fallow period) Haganes, 2020. Akvaplan-niva report nr. 62253.01.

ástandið sem mjög gott samkvæmt viðmiðum NS 9410:2016.³¹ Vegna bilunar í mælíbúnaði fengust ekki niðurstöður um ástand sjávar við botn.

Eins og við Haganes og Hringsdal var botnset nokkuð hlaðið lífrænu efni í lok hvíldar á eldissvæðinu við Steinanes. Engin vísitengund um mengun var á meðal tíu algengustu botndýranna. Ástand næst eldiskvíum flokkaðist sem mjög gott. Súrefnismettun við botn var 90%.³²

Vöktun á eldi Arnarlax í Arnarfirði fram til þessa leiðir í ljós að lífrænn úrgangur frá eldinu safnast upp á botni undir sjókvíum og nokkra tugi metra frá þeim.^{33,34} Í lok eldislotu hefur fjölbreytni botndýralífs hrakað innan áhrifasvæðis eldisins og töluverð fjölgun orðið innan tegunda sem þola vel skert súrefnisástand. Áhrif á botndýralíf hafa því orðið talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en fjær hafa áhrifin verið nokkuð neikvæð til óveruleg eða engin. Eins og rakið hefur verið hér að framan hefur ástand botnsins náð sér að mestu áður en ný eldislota hefst og ekki eru merkjanleg áhrif eldisins í djúplagi Arnarfjarðar, samanber Tafla 7.1.

Hafrannsóknastofnun telur æskilegt að úrgangur frá eldinu lendi ekki allur á hafsbotni neðan við 75 m dýpi. Sá hluti sjávarbotns þar sem dýpi er meira en 75 m undir nýjum staðsetningum eldissvæða má sjá á Mynd 7.3 til Mynd 7.5. Meðaldýpi undir hinum nýju eldissvæðum verður nokkuð meira en á núverandi svæðum. Innan eldissvæðanna er einnig skilgreint svæði fyrir kvísamstæður sem til stendur að leggja þvert á straumstefnu. Helmingur kvísamstæða við Haganes og Steinanes verða þar sem dýpi er meira en 75 m en hlutfallið er mun lægra við Hringsdal, sjá Tafla 7.2.




Mynd 7.3 Fyrirhuguð lega eldissvæðis við Haganes. Botn á meira dýpi en 75 m er auðkenndur með bláum lit. Einnig er sýnt svæði kvísamstæðu innan eldissvæðisins (grár reitur). Innfeld mynd sýnir meginflutning sjávar á 5 m dýpi.

³¹ Hans-Petter Mannvik og Snorri Gunnarsson. 2019. Arnarlax. ASC- og C-undersøkelse Hringsdalur, 2018. Akvaplan-niva report nr. 60320.01.


³² Roger Velvin og Snorri Gunnarsson. 2020. Arnarlax C-survey (fallow period) Steinanes, 2020. Akvaplan-niva report nr. 62254.01.

³³ Snorri Gunnarsson 2020. Ársskýrsla vegna vöktunar 2019. Arnarlax hf. Akvaplan-niva AS.

³⁴ Snorri Gunnarsson. 2019. Ársskýrsla vegna vöktunar 2018. Arnarlax hf. Akvaplan niva AS:



Mynd 7.4 Fyrirhuguð lega eldissvæðis við Steinanes. Botn á meira dýpi en 75 m er auðkenndur með bláum lit. Einnig er sýnt svæði kvíasmæðu innan eldissvæðisins (grár reitur). Innfeld mynd sýnir meginflutning sjávar á 5 m dýpi.



Mynd 7.5 Fyrirhuguð lega eldissvæðis við Hringisdal. Botn á meira dýpi en 75 m er auðkenndur með bláum lit. Einnig er sýnt svæði kvíasmæðu innan eldissvæðisins (grár reitur). Innfeld mynd sýnir meginflutning sjávar á 5 m dýpi.



Tafla 7.2 Stærð svæða fyrir kvíasamstæður innan eldissvæða, sjá Mynd 7.3 til Mynd 7.5, meðaldýpi undir þeim og hlutfall (%) hvers svæðis sem er dýpra en 75 m.

Eldissvæði	Svæði kvíasamstæðu		
	Flatarmál (m ²)	Meðaldýpi (m)	Hlutfall >75 m (%)
Haganes	181.874	76	55
Steinanes	154.048	75	50
Hringsdalur	191.773	71	36

Fóðurnotkun í eldinu verður óbreytt frá því sem nú er og ekki eru merki um áhrif eldisins í djúplagi Arnarfjarðar, eins og áður segir. Reynslan er að megnið af fóðurleifum fellur til botns stutt frá eldiskvíum og straumar í efstu lögum sjávar ráða miklu um hvert lífrænn úrgangur frá kvíum dreifist, sem á endanum lendir á sjávarbotni. Í Arnarfirði er meginflutningur yfirborðssjávar með landi og því má gera ráð fyrir að lífrænt efni frá eldinu falli til botns nokkurn vegin samsíða dýpislínum. Því er líklegt að hluti efnisins falli til botns þar sem dýpi er meira en 75 m. Vöktun á ástandi sjávar, botnseti og botndýralífi á eldissvæðum er hluti af eftirliti með starfsemi Arnarlax og mun leiða í ljós hvort nýtt fyrirkomulag á kvíaþyrpingum hafi áhrif á ástand botnsjávar. Arnarlax vinnur eftir viðbragðsáætlun sem tekur mið af niðurstöðu botnsýnarannsóknna þegar lífmassi eldisins er í hámarki. Ef til þess kemur að niðurstöður eru óásættanlegar verður ráðist í viðeigandi aðgerðir í samráði við eftirlitsaðila, sjá Tafla 3.1.

7.2 Laxfiskar - laxalús og fisksjúkdómar

Framleiðsla í eldinu verður óbreytt og hætta á lúsasmiti ætti því ekki að vera öðruvísi en um hefur verið fjallað í umhverfismati, með tilliti til umfangs. Tilfærsla eldisstarfsemi frá Fossfirði yfir á Haganes og breytt lega kvíasamstæða við Haganes, Steinanes og Hringsdal hefur það að markmiði að bæta velferð eldisfisksins og draga úr smithættu innan sjókvía og hættu á að smit berist milli kvía.

Arnarlax hefur lagt áherslu á að fyrirbyggja dreifingu og smit laxalúsar frá eldi fyrirtækisins og fylgist náið með lús í eldinu. Við lúsatalningar og vöktun á lúsasmiti í sjókvíum er notast við leiðbeiningar Matvælastofnunar og kröfur ASC staðalsins (Aquaculture Stewardship Council (ASC), 2012) vegna laxalúsar. Dýralæknir og fisksjúkdómafræðingur hafa verið fyrirtækjunum til ráðgjafar í þessu efni og hafa þessir sérfræðingar komið að þjálfun starfsfólks við greiningar á laxalús og fiskilús á eldisfiski.

Til að draga úr hættu á lúsasmiti í eldi Arnarlax hefur verið notast við hrognkelsaseiði til aflúsunar eldisfisks í sjókvíum við Haganes og Steinanes. Niðurstöður hafa reynst jákvæðar í baráttu gegn laxalús.^{35,36,37} Minna var af lús í kvíum með hrognkelsum samanborið við kvíar án þeirra. Virðist sambýli hrognkelsa og eldisfisks ganga vel. Svokallað lúsapils, sem er dúkur með fínriðnum netmöskvum sem nær niður á um 10 m dýpi, hefur einnig verið notuð á flestum eldissvæðum Arnarlax í Arnarfirði. Í ljós hefur komið að búnaðurinn hindrar streymi yfirborðslags sjávar inn í kvíar og dregur þannig úr nýsmiti laxalúsar.


Arnarlax hefur fengið vottun á eldissvæði við Haganes, Hringsdal og Steinanes á grundvelli ASC-staðalsins. Staðallinn gerir kröfur um að fjöldi kynþroska lúsa fari ekki yfir ákveðin mörk en leyfir einnig ábyrga meðhöndlun með lyfjum með það í huga að vernda villta laxfiska. Samkvæmt niðurstöðum

³⁵ Imsland, A.K., Reynolds, P., Eliassen, G., Hangstad, T.A., Foss, A., Vikingstad, E., Elvegård, T.A. 2014. The use of lumpfish (*Cyclopterus lumpus* L.) to control sea lice (*Lepeophtheirus salmonis* Krøyer) infestations in intensively farmed Atlantic salmon (*Salmo salar* L.). *Aquaculture* 425-426, 18-23.


³⁶ Imsland, A.K., Reynolds, P., Nytrø, A.V., Eliassen, G., Hangstad, T.A., Jónsdóttir, Ó.D.B., Emaus, P.A., Elvegård, T.A., Lemmens, S.C.A., Rydland, R., Jonassen, T.M. 2016. Effects of lumpfish size on foraging behaviour and co-existence with sea lice infected Atlantic salmon in sea cages. *Aquaculture* 465, 19-27.

³⁷ Imsland, A.K., Hanssen, A., Reynolds, P., Nytrø, A.V., Jonassen, T.M., Hangstad, T.A., Elvegård, T.A., Urskog, T.C., Mikalsen, B. 2018. It works! Lumpfish can significantly lower sea lice infections in large scale salmon farming *Biology Open* 7, 7, bio036301. doi:10.1242/bio.036301.

lúsatalningar á eldissvæðum í Arnarfirði frá byrjun árs 2018 er undantekning að fleiri en ein kynþroska kvenlús finnst á eldislaxi, að meðaltali, sjá Mynd 7.6. Almennt eru göngur laxaseiða til sjávar og sjávardvöl göngusilungs á tímabilinu júní til september. Á þeim hluta árs var algengast að meðalfjöldi lúsa á eldisfiski væri undir 0,1 kynþroska kvenlús og í meira en helmingi tilfella á bilinu 0 til 0,2, sjá Mynd 7.7. Viðmið ASC er 0,1 kynþroska kvenlús á hvern fisk á göngutíma laxfiska.



Mynd 7.6 Niðurstöður lúsatalninga (tíðni kynþroska kvendýra) í eldi Arnarlax í Arnarfirði (öll eldissvæði) frá 1. viku 2018 til 44. viku 2020.³⁸



Mynd 7.7 Tíðni meðalfjölda laxalúsa á eldisfiski (kynþroska kvendýr) í Arnarfirði (öll eldissvæði) á þeim tíma árs sem vænta má að laxaseiði og göngusilungur sé á ferð um fjörðinn (júní til september). Tímabil vöktunar er frá 1. viku 2018 til 44. viku 2020.³⁹

Í júní 2018 heimilaði Matvælastofnun að meðhöndla eldisfisk í kvíum við Steinanes með lyfi til að ná tókum á laxalúsasmiti í eldinu. Mótvægisáðgerðin kom í veg fyrir frekara smit innan eldisins og að smit

³⁸ Vefur Arnarlax. Upplýsingar um eldissvæði sem eru í ASC umsóknarferli eða hafa fengið vottun. Sótt þann 12.11.2020 á <https://www.arnarlax.is/is/gaedi>

³⁹ Vefur Arnarlax. Upplýsingar um eldissvæði sem eru í ASC umsóknarferli eða hafa fengið vottun. Sótt þann 12.11.2020 á <https://www.arnarlax.is/is/gaedi>




bærist mögulega í villta laxfiska á svæðinu um sumarið. Um þetta er fjallað nánar í kafla 7.3 um nytjastofna. Útsetning seiða verður áfram samræmd þannig að sjókvíaeldissvæði verður hvílt í heild sinni í að lágmarki þrjá mánuði.

Mikilvægur þáttur í starfsemi eldisfyrirtækja er að bæta velferð eldisfisks. Hæfilegur straumur og góður styrkur súrefnis eru mikilvægir þættir til þess að tryggja velferð og góðan vöxt laxins. Megin straumstefna í Arnarfirði er inn fjórðinn að sunnan og út að norðan. Straumar við yfirborð sjávar á eldissvæðum eru 6,5 til 9,9 cm/s (meðalstraumur á 5 m dýpi) og meginflutningur sjávar nokkurn veginn samsíða landi, sjá Tafla 7.3, Mynd 7.8 og Viðauka 3. Núverandi fyrirkomulag á eldinu er að leggja kvíasamstæðu með straumstefnu, sem getur skapað mismunandi straumaaðstæður í kvíum eftir því hvar þær eru staðsettar í samstæðunni. Ætlunin er að breyta þessu fyrirkomulagi og leggja kvíasamstæður þvert á straumstefnu. Þannig skapast jafnari aðstæður í kvíum sem tryggja eldisfiski betra aðgengi að ferskum og súrefnisríkum sjó í hverri sjókví. Þetta fyrirkomulag mun einnig draga úr þeirri hættu að smit berist frá einni kví til annarrar, hvort sem væri vegna laxalúsar, bakteríu eða veirusmits. Þetta fyrirkomulag er því líklegt til að draga úr smitálagi innan viðkomandi eldissvæðis.

Í ljósi þessa er tilfærsla eldissvæða, þar sem kvíasamstæður verða staðsettar þvert á straumstefnu, líkleg til að auka velferð eldisfisksins og draga úr hættu á að sjúkdómar eða laxalús breiðist út á eldissvæði og þar með minnka líkur á meðhöndla þurfi fiskinn vegna laxalúsar.

Tafla 7.3 Yfirborðsstraumar og tilflutningur sjávar við yfirborð á eldissvæðum í Arnarfirði, sjá Viðauka 3.

Eldissvæði	Meðalstraumur (cm/s)		Mestur straumur (cm/s)		Meginflutningur sjávar (stefna)
	5 m	15 m	5 m	15 m	5m
Haganes	9,9	9,1	32	34	A/SA og N
Steinanes	6,5	5,5	26	22	SA og NV
Hringsdalur	9,2	9,0	33	15	SA og NV



Mynd 7.8 Meginflutningur á vatnsmassa á 5 m dýpi á eldissvæðum við Haganes,⁴⁰ Hringisdal⁴¹ og Steinanes.⁴²

7.3 Nytjastofnar

7.3.1 Rækja í Arnarfirði

Reynsla er komin af eldinu og fyrir liggur að nota hefur þurft lúsalyf til þess að halda aftur af laxalús í eldiskvíum. Mögulegt er að sú aðgerð hafi haft áhrif á nytjastofna í Arnarfirði. Tilfærsla eldissvæða og breytt lega kvíasamstæða hefur m.a. það markmið að draga úr hættu á að laxalús verði vandamál í eldinu og að meðhöndla þurfi eldisfiskinn með lúsalyfi. Gangi það eftir má gera ráð fyrir að síður þurfi að nota lyf gegn lúsinni og dragi úr áhrifum eldisins á nytjastofna í Arnarfirði.

Vísitala rækjustofnsins í Arnarfirði hefur verið lægri frá árinu 2005 en áratugi þar á undan, en enginn sterkur árgangur hefur mælst síðustu árin.⁴³ Veiði á rækju hefur að sama skapi minnkað og frá árinu 2009 hefur mestur aflur verið sóttur á tiltölulega lítið svæði innanlega í firðinum.⁴⁴ Árin 2019 og 2020 var allur aflinn frá Borgarfirði, sjá Mynd 7.10. Talið er að útbreiðsla rækjunnar ráðist af því að meira hefur verið af ýsu og þorski í utanverðum Arnarfirði síðastliðin ár, en samfara færslu rækju inn Arnarfjörð jókst þéttleiki hennar innst í firðinum.⁴⁵

⁴⁰ Eriksen, S.D. 2017. Arnarlax hf. Lokalitetsrapport Haganes. Akvaplan-niva report no 8803.01.


⁴¹ Eriksen, S.D. 2016. Arnarlax hf. Lokalitetsrapport Hringisdalur. Akvaplan-niva report no 8639.01.

⁴² Eriksen, S.D og Snorri Gunnarsson. 2016. Arnarlax hf. Lokalitetsrapport Steinanes. Akvaplan-niva report no 8453.02.

⁴³ Ingibjörg G. Jónsdóttir, Guðmundur Skúli Bragason, Stefán H. Brynjólfsson Anika K. Guðlaugsdóttir og Unnur Skúladóttir (2017). Yfirlit yfir rækjurannsóknir við Ísland, 1988–2015. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV2017-007


⁴⁴ Hafrannsóknastofnun. 2020. Shrimp in Arnarfjörður - Rækja í Arnarfirði *Pandalus borealis*. MFRI Assessment Reports 2020.

⁴⁵ Ingibjörg G. Jónsdóttir, Guðmundur Skúli Bragason, Stefán H. Brynjólfsson Anika K. Guðlaugsdóttir og Unnur Skúladóttir. 2017. Yfirlit yfir rækjurannsóknir við Ísland, 1988–2015. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV2017-007



Mynd 7.9 Útbreiðsla og magn rækju í Arnarfirði, samkvæmt stofnmælingu Hafrannsóknastofnunar. Á myndinni merkir x stöðvar þar sem engin rækja fékkst.⁴⁶


⁴⁶ Hafrannsóknastofnun. 2020. Shrimp in Arnarfjörður - Rækja í Arnarfirði *Pandalus borealis*. MFRI Assessment Reports 2020.



Mynd 7.10 Dreifing rækjuafla (tonn) í Arnarfirði.⁴⁷


Á svipaðan hátt og rækjan hefur ungvíði þorsks helst haldið sig í innanverðum Arnarfirði, sjá Mynd 7.11. Hins vegar hafa ýsuseiði verið dreifð um allan fjörðinn, sjá Mynd 7.12.

⁴⁷ Hafrannsóknastofnun. 2020. Shrimp in Arnarfjörður - Rækja í Arnarfirði *Pandalus borealis*. MFRI Assessment Reports 2020.



Mynd 7.11 Magn (fjöldi sjómílu⁻¹) og útbreiðsla þorskseiða (rautt) og þorsks, 1 árs og eldri (grænt), í Arnarfirði.⁴⁸

⁴⁸ Ingibjörg G. Jónsdóttir, Guðmundur Skúli Bragason, Stefán H. Brynjólfsson Anika K. Guðlaugsdóttir og Unnur Skúladóttir. 2017. Yfirlit yfir rækjurannsóknir við Ísland, 1988–2015. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV2017-007



Mynd 7.12 Magn (fjöldi sjómílu⁻¹) og útbreiðsla ýsuseiða (rautt) og þorsks, 1 árs og eldri (grænt), í Arnarfirði.⁴⁹

⁴⁹ Ingibjörg G. Jónsdóttir, Guðmundur Skúli Bragason, Stefán H. Brynjólfsson Anika K. Guðlaugsdóttir og Unnur Skúladóttir. 2017. Yfirlit yfir rækjurannsóknir við Ísland, 1988–2015. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV2017-007.



Í júní 2018 heimilaði Matvælastofnun að meðhöndla eldisfisk í kvíum við Steinanes með lyfinu Alpha Max til að ná niður laxalús í eldinu.⁵⁰ Aftur heimilaði stofnunin notkun á Alpha Max, og einnig Slice, haustið 2019, en þá vegna fjölda fiskilúsar. Mótvægisáðgerðin kom í veg fyrir frekara smit innan eldisins og að smit bærist mögulega í villta laxfiska á svæðinu um sumarið. Virka efni Alpha Max er deltamethrin, en helmingunartími þess í sjó er tvær til fjórar klukkustundir. Helmingunartími annarra algengra aflúsunarefna, svo sem vetnisperoxíðs og azamethiphos, er talinn í dögum. Deltamethrin hefur áhrif á taugaboð og getur leitt til lómunar eða dauða lífvera. Leysni deltamethrin er lítil og því líklegt að efnið tengist ögnum í sjónum sem setjast á sjávarbotn. Nýlega hefur birst rannsókn, sem hafði það markmiði að kanna m.a. áhrif deltamethrin á stóra kampalampa með því að útsetja dýrin fyrir efninu í styrk sem ráðlagður er til lúsameðhöndlunar og í dvínandi styrk til að líkja eftir þynningu efnisins með aukinni fjarlægð frá sleppistað. Reyndist efnið vera mjög eitrad þrátt fyrir verulega þynningu á ráðlögðum styrk til meðhöndlunar á eldislaxi. Þó verður að hafa í huga að tilraunin var gerð í rannsóknastofu en ekki í náttúrunni, þar sem straumfræðilegar aðstæður á hverjum stað ráða því hve hratt aflúsunarefni þynnist í vatnssúlunni og hversu langt það ferðast með sjómassanum.

Lyf sem notuð eru gegn laxalús fara út í umhverfið og berast í vatnssúlunni frá eldinu og hluti þess botnfellur og safnast fyrir á hafsbotni. Til botns fellur einnig úrgangur frá fiskum sem inniheldur restar af lyfjum.⁵¹ Lyfin verða því aðgengileg fyrir lífverur á hafsbotni, svo sem rækju, sem étin eru af fiskungviði. Aðalfæða þorsks í Arnarfirði er rækja og ýmsar fisktegundir en fæða ýsunnar er meira blönduð, en burstormar, ljósáta og rækja eru mikilvægur hluti fæðu hennar.⁵²

Þó tilraunir á rannsóknastofu sýni fram á neikvæð áhrif laxalúsalyfja á aðrar lífverur sjávar, er erfitt að mæla áhrifin í vistkerfinu. Ýmsir utanaðkomandi þættir skipta hér máli svo sem sjávarstraumar sem dreifa og þynna lyfjastyrkinn. Á þeim tíma sem eldisfiskur var meðhöndlaður með lúsalyfjum við Steinanes hélt rækjan sig í innanverðum Borgarfirði, sjá Mynd 7.9. Yfirborðsstraumur sjávar við Steinanes liggur með landi til suðausturs í átt að Geirþjófsfirði og við Tjaldanes streymir yfirborðssjór með landi út Arnarfjörð, sjá Mynd 7.1. Því er ólíklegt að lyf hafi borist inn í Borgarfjörð, þar sem rækjustofn Arnarfjarðar heldur sig. Einnig þarf að hafa í huga að helmingunartími deltamethrin í sjó er einungis nokkrar klukkustundir, eins og áður segir.

Ósennilegt er að rækja Arnarfjarðar hafi orðið fyrir áhrifum lyfja sem beitt var til þess að ráða niðurlögum lúsa í eldi Arnarlax í firðinum. Líklegt er að staðsetning kvísamstæða, þvert á straumstefnu, muni í framtíðinni draga úr hættu á að laxalús verði að vandamáli í eldinu í Arnarfirði, samanber umfjöllun í kafla 7.2. Samfara því munu minnka líkur á að meðhöndla þurfi fisk með lúsalyfjum. Því er líklegt að breytingin muni hafa þær afleiðingar að minna álag verði á lífverur á botni Arnarfjarðar, þar með talið rækju.

7.3.2 Veidar nytjastofna

Rækjuveiðar hafa á síðustu áratugum verið mikilvægustu veiðar nytjategunda í Arnarfirði. Eins og greinir frá í kafla 7.3 hefur veiði á rækju minnkað síðustu ár og hefur aflinn verið mestur innarlega í firðinum og allur í Borgarfirði á árunum 2019 og 2020. Eins og sjá má á Mynd 7.10 hefur rækjuveiði á árunum 2016 til 2017 verið stunduð í nálægð við eldissvæði við Steinanes, en ekki nálægt eldissvæðum við Hringsdal og Haganes. Tilfærsla eldissvæðis við Steinanes er ekki talin hafa för með neikvæð áhrif umfram það sem nú er á rækjuveiði við Steinanes.

Af öðrum nytjategundum í Arnarfirði veiðist mest af þorski og ýsu. Mest er veitt á dragnót og línu.⁵³ Samkvæmt niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum 7.000 tonna framleiðsluaukningar eldis í Arnarfirði var eldissvæði við Hringsdal talið skarast við sóknarsvæði línu- og dragnótarbáta og eldissvæði við


⁵⁰ Ingibjörg G. Jónsdóttir og Guðrún G. Þórarinsdóttir. 2019. Lyf gegn laxalús: virkni, áhrif og notkun. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-56.

⁵¹ Ingibjörg G. Jónsdóttir og Guðrún G. Þórarinsdóttir. 2019. Lyf gegn laxalús: virkni, áhrif og notkun. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-56.

⁵² Ingibjörg G. Jónsdóttir, Guðmundur Skúli Bragason, Stefán H. Brynjólfsson Anika K. Guðlaugsdóttir og Unnur Skúladóttir. 2017. Yfirlit yfir rækjurannsóknir við Ísland, 1988–2015. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV2017-007.

⁵³ Hafrannsóknastofnun. 2020. Arnarfjörður. Tekið af vef Hafrannsóknastofnunar 18.11.2020: <https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/fjar-darannsoknir/veftfirdir/arnarfjordur>.

Steinanes skarast við sóknarsvæði botntrollsveiða. Einnig að siglingaleiðir þjónustubáta gætu haft áhrif á lagningu veiðafæri á borð við línu. Í álitni Skipulagsstofnunar kemur fram að gjöfulustu veiðislóðir séu í dýpri hluta fjarðarins og í mynni hans, en ekki nálægt landi þar sem fyrirhugað eldi yrði staðsett. Áhrif á fiskveiðar voru metin nokkuð neikvæð. Á Mynd 7.13 sem sótt var á vef Hafrannsóknastofnunar má sjá dreifingu línu – og dragnótaveiða í Arnarfirði á árinu 2018. Helstu línu- og dragnótarsvæði eru ekki nálægt eldissvæðum við Steinanes og Haganes og hefur breytt lega kvísamstæðu því ekki áhrif þar. Eldissvæði við Hringsdal er í nálægð við veiðisvæði en ólíklegt er talið að breytt lega kvísamstæðu muni þrengja mikið að þeim veiðisvæðum.



Mynd 7.13 Yfirlit yfir dragnótaveiðar í Arnarfirði á árinu 2018. Mynd tekin úr Veiðafærasjá Hafrannsóknastofnunar.⁵⁴

8 Niðurstaða

Breyting á framkvæmd felur í sér flutning á eldisstarfsemi frá eldissvæði í Fossfirði yfir á eldissvæði við Haganes og breytta legu og afmörkun eldissvæða við Haganes, Steinanes og Hringsdal. Engin breyting verður á framleiðslumagni, hámarkslífmassa eða hvíld eldissvæða Arnarlax.

Metin eru áhrif breytinga á framkvæmd á ástand sjávar, botnset og botndýralíf, laxfiska m.t.t. laxalúsar og fisksjúkdóma og á nytjastofna sjávar m.t.t. lúsalyfja og veiða.

Ástand sjávar, botnset og botndýralíf

Færsla leyfilegs framleiðslumagns í Fossfirði yfir á eldissvæði við Haganes felur ekki í sér aukinn lífmassa á sjókvíaeldissvæði A. Álag á vistkerfi Arnarfjarðar ætti því ekki að verða umfram áætlað burðarþol fjarðarins. Breytt staðsetning eldissvæða við Haganes, Steinanes og Hringsdal mun mögulega leiða til þess að dreifing lífræns úrgangs frá eldinu verði önnur neðan við 75 m dýpi en lýst var í umhverfismatinu.

⁵⁴ Hafrannsóknastofnun. 2020. Veiðafærasjá: <https://veidar.hafogvatn.is/>



Út frá fyrirliggjandi mælingum á súrefnisástandi sjávar í Arnarfirði má álykta að ekki séu merki um að eldisstarfsemin hafi raskað náttúrulegu ástandi djúplags í Arnarfirði. Fóðurnotkun verður óbreytt frá því sem nú er og sýnir reynslan af eldinu að megnið af fóðurleifum fellur til botns stutt frá eldiskvíum. Straumar í efstu lögum sjávar ráða miklu um hvert lífrænn úrgangur frá kvíum dreifist. Meginflutningur yfirborðssjávar er með landi og því má gera ráð fyrir að lífrænt efni frá eldinu falli til botns nokkurn vegin samsíða dýpislínum. Því er líklegt að hluti efnisins falli til botns þar sem dýpi er meira en 75 m. Vöktun á ástandi sjávar, botnseti og botndýralífi á eldissvæðum mun leiða í ljós hvort breytt lega kvísamstæða innan eldissvæðanna hafi áhrif á ástand botnsjávar. Arnarlax vinnur eftir viðbragðsáætlun sem tekur mið að niðurstöðum botnrannsókna. Ef niðurstöður eru óásættanlegar verður ráðist í viðeigandi aðgerðir í samráði við eftirlitsaðila

Laxfiskar - laxalús og fisksjúkdómar

Arnarlax leggur áherslu á að fyrirbyggja dreifingu og smit laxalúsar frá eldi fyrirtækisins og hefur fylgst náið með lús í eldinu. Fyrirtækið hefur tvisvar fengið heimild Matvælastofnunar til að meðhöndla eldisfisk í kvíum í Arnarfirði, annars vegar vegna laxalúsar og fiskilúsar hins vegar.

Framleiðsla í eldinu verður óbreytt og hættu á lúsasmiti ætti því ekki að vera öðruvísi með tilliti til umfangs. Tilfærsla eldisstarfsemi frá Fossfirði yfir á Haganes og breytt lega kvísamstæða við Haganes, Steinanes og Hringsdal hefur það að markmiði að bæta velferð eldisfisksins og draga úr smithættu innan sjókvía og hættu á að smit berist milli kvía. Ætlunin er að tryggja eldisfiski betra aðgengi að ferskum og súrefnisríkum sjó í hverri sjókví. Þetta fyrirkomulag mun einnig draga úr þeirri hættu að smit berist frá einni kví til annarrar, hvort sem væri vegna laxalúsar, bakteríu- eða veirusmits. Þetta fyrirkomulag er því líklegt til að draga úr smitálagi innan viðkomandi eldissvæðis.

Nytjastofnar

Tilfærsla eldisstarfsemi frá Fossfirði yfir á Haganes og breytt lega kvísamstæða hefur meðal annars það að markmiði að draga úr hættu á lúsasmiti og að lágmarka þörf á að meðhöndla þurfi eldisfisk með lúsalyfi.

Talið er ólíklegt að rækjustofn Arnarfjarðar hafi orðið fyrir áhrifum þess að lúsalyfjum var beitt í eldi Arnarlax í firðinum. Líklegt er að breytt lega kvísamstæða, þvert á straumstefnu, muni draga úr hættu á lúsasmiti í eldinu í Arnarfirði. Samfara því munu minnka líkur á að meðhöndla þurfi fisk með lúsalyfjum. Því er líklegt að minna álag verði á lífverur á botni Arnarfjarðar, þar með talið rækju.

Tilfærsla eldissvæða er ekki talin hafa neikvæð áhrif á rækjuveiði í Arnarfirði umfram það sem nú er. Veiðisvæði annarra nytjastofna í firðinum t.d. þorsks og ýsu eru ekki nálægt eldissvæðum við Haganes og Steinanes. Því er ólíklegt að breytt lega kvísamstæðu hafi áhrif þar. Eldissvæði við Hringsdal er í nálægð við veiðisvæði en ólíklegt er talið að breytt lega kvísamstæðu muni þrengja að þeim veiðisvæðum.



9 Heimildir

- Arnarlax. 2019. Uppfærð viðbragðsáætlun Arnarlax vegna eldissvæða í Arnarfirði. Dags. 14. október 2019.
- Buhl-Mortensen, L. Aure, J. Alve, E., Oug, E. & Husum K. 2006. Effects of hypoxia on fjordfauna: The bottomfauna and environment in fjords on the Skagerrak coast. *Fisken og Havet* 3:108 p.
- Eriksen, S. D. and Gunnarsson, S. 2016. Arnarlax ehf. Lokalitetsrapport Steinanes. Akvaplan-niva rapport nr 8453.02.
- Eriksen, S. D. 2016. Arnarlax ehf. Lokalitetsrapport Hringsdalur. Akvaplan-niva rapport nr 8639.01. 35 bls
- Eriksen, S. D. 2017. Arnarlax hf. Lokalitetsrapport Haganes. Akvaplan-niva rapport nr 8803.01.
- Fiskistofa. 2012. Rekstrarleyfi til fiskeldis. Fjarðalax ehf. IS-36094.
- Hafrannsóknastofnun. 2015. Greinargerð: Bráðabirgðamat á burðarpoli Arnarfjarðar m.t.t. sjókvíaldis. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun.
- Hafrannsóknastofnun. 2020. Shrimp in Arnarfjörður - Rækja í Arnarfirði *Pandalus borealis*. MFRI Assessment Reports 2020.
- Hafrannsóknastofnun. 2020. Tillaga að skiptingu Arnarfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarpols og bestu mögulegu heildarnýtingu eldissvæða. Hafnarfjörður: Hafrannsóknastofnun.
- Hans-Petter Mannvik og Snorri Gunnarsson. 2019. Arnarlax. ASC- og C-undersøkelse Hringsdalur, 2018. Akvaplan-niva report nr. 60320.01.
- Hans-Petter Mannvik og Snorri Gunnarsson. 2020. Arnarlax hf. C-survey (fallow period) Haganes, 2020. Akvaplan-niva report nr. 62253.01.
- Imsland, A.K., Reynolds, P., Eliassen, G., Hangstad, T.A., Foss, A., Vikingstad, E., Elvegård, T.A. 2014. The use of lumpfish (*Cyclopterus lumpus* L.) to control sea lice (*Lepeophtheirus salmonis* Krøyer) infestations in intensively farmed Atlantic salmon (*Salmo salar* L.). *Aquaculture* 425-426, 18-23.
- Imsland, A.K., Reynolds, P., Nytrø, A.V., Eliassen, G., Hangstad, T.A., Jónsdóttir, Ó.D.B., Emaus, P.A., Elvegård, T.A., Lemmens, S.C.A., Rydland, R., Jonassen, T.M. 2016. Effects of lumpfish size on foraging behaviour and co-existence with sea lice infected Atlantic salmon in sea cages. *Aquaculture* 465, 19-27.
- Imsland, A.K., Hanssen, A., Reynolds, P., Nytrø, A.V., Jonassen, T.M., Hangstad, T.A., Elvegård, T.A., Urskog, T.C., Mikalsen, B. 2018. It works! Lumpfish can significantly lower sea lice infections in large scale salmon farming *Biology Open* 7, 7, bio036301. doi:10.1242/bio.036301.
- Ingibjörg G. Jónsdóttir, Guðmundur Skúli Bragason, Stefán H. Brynjólfsson Anika K. Guðlaugsdóttir og Unnur Skúladóttir. 2017. Yfirlit yfir rækjurannsóknir við Ísland, 1988–2015. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV2017-007.
- Ingibjörg G. Jónsdóttir og Guðrún G. Þórarinsdóttir. 2019. Lyf gegn laxalús: virkni, áhrif og notkun. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-56.
- Ingibjörg G. Jónsdóttir og Guðrún G. Þórarinsdóttir. 2019. Lyf gegn laxalús: virkni, áhrif og notkun. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-56.
- Ingunn E. Jónsdóttir og Sigurður Sigurðsson. 2007. Vestfirðir. Öldufarsrannsóknir – Áfangaskýrsla. Unnið fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga. Siglingastofnun.
- Jón Örn Pálsson. 2013. Umhverfisáhrif af 4.500 tonna framleiðsluaukningu á laxi í Fossfirði. Fjarðalax.
- Margrét Thorsteinsson og Cristian Gallo. 2017. Súrefnismælingar í Arnarfirði 2016 - október og desember. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 08-17.
- Margrét Thorsteinsson. 2019. Súrefnismæling 18. október 2019. Arnarlax (Arnarfjörður). Patreksfjörður: Náttúrustofa Vestfjarða, NVG nr. 05-19.



Matvælastofnun. 2016. Rekstrarleyfi. Arnarlax hf. FE-1105. Roger Velvin og Snorri Gunnarsson. 2020. Arnarlax C-survey (fallow period) Steinanes, 2020. Akvaplan-niva report nr. 62254.01.

Skipulagsstofnun. 2011. Eldi á 1.500 tonnum af laxi, í sjókvíum í Fossfirði. Fjarðalax ehf. Ákvörðun um matsskyldu.

Skipulagsstofnun. 2015. Aukin framleiðsla Arnarlax á laxi í Arnarfirði um 7.000 tonn. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun. 2019. Breyting á hvíldartíma eldissvæða í Arnarfirði. Ákvörðun um matsskyldu. Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun. 2020. Lýsing fyrir gerð strandsvæðaskipulags. Vestfirðir. Strandsvæðaskipulag. Snorri Gunnarsson. 2019. Ársskýrsla vegna vöktunar 2018. Arnarlax hf. Akvaplan niva AS.

Snorri Gunnarsson 2020. Ársskýrsla vegna vöktunar 2019. Arnarlax hf. Akvaplan-niva AS.

Sólveig R. Ólafsdóttir, Alice Benoit-Cattin og Magnús Danielsen. 2017. Endunýjun næringarefna nærri botni í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2017-035.

Tækniþjónusta Vestfjarða. 2007. Fjórðungssamband Vestfirðinga. Olíuhreinsunarstöð. Staðarval. Áfangi II. Viðauki nr. 3. september 2002.

Verkís. 2015. Aukning framleiðslu Arnarlax á laxi í sjókvíum í Arnarfirði um 7.000 tonn á ári. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla.

Verkís. 2019. Arnarlax – Breyting á hvíldartíma eldissvæða í Arnarfirði.

Vefsíður

Arnarlax. 2020. Upplýsingar um eldissvæði sem eru í ASC umsóknarferli eða hafa fengið vottun. Sótt þann 12.11.2020 á <https://www.arnarlax.is/is/gaedi>

Hafrannsóknastofnun. 2020. Arnarfjörður. Sótt af vef Hafrannsóknastofnunar þann 18.11.2020: <https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/fjardarannsoknir/vestfirdir/arnarfjordur>.

Umhverfisstofnun. 2020. Sótt af vef Umhverfisstofnunar þann 19.11.2020: <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Mengandi-Starfssemi/Fiskeldi/V%c3%b6ktunask%c3%bdrsla%202019.pdf>



Viðaukar

- Viðauki 1** **Ársskýrsla vegna vöktunar 2019. Arnarlax hf.**
- Viðauki 2** **Ársskýrsla vegna vöktunar 2018. Arnarlax hf.**
- Viðauki 3** **Staðarúttektir eldissvæða við Haganes, Steinanes og Hringsdal**

Viðauki 1 Ársskýrsla vegna vöktunar 2019. Arnarlax hf.

Akvaplan-niva AS

Rådgivning og forskning

innen miljø og akvakultur

Org.nr: NO 937 375 158 MVA

www.akvaplan.niva.no

Norge – Island – Frankrike – Russland – Spania

Islands-kontoret (svaradresse)

Akralind 4

201 Kópavogur

Tlf: +354 564 5820

Kt. 700402 -7030

Deres ref; Vöktunarskýrsla Arnarlax hf.

Vár ref: 60123

Konsulent: Snorri Gunnarsson

Mobil: +354 862 7535

E-post: sgu@akvaplan.niva.no

Dato: Kópavogur 27.04 2019

Ársskýrsla vegna vöktunar 2019

Arnarlax hf.

Snorri Gunnarsson

27.04 2020

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Ágrip af niðurstöðum	5
Botndýrarannsóknir.....	5
Vöktunarskýrsla fyrir sjókvíaeldissvæði Tjaldaneseyrar, Arnarfirði: Arnarlax ASC/ and C-survey Tjaldaneseyrar 2019. Hans-Petter Mannvik og Snorri Gunnarsson. Akvaplan-niva AS report 60976.01.....	5
Vöktunarskýrsla fyrir sjókvíaeldissvæði Tjaldaneseyrar, Arnarfirði: Tjaldaneseyrar, Arnarlax hf forundersøkelse (B-undersøkelse) mars 2019. Snorri Gunnarsson. Akvaplan-niva AS rapport B 60976.01	6
Vöktunarskýrsla fyrir sjókvíaeldissvæði Laugardal, Tálknafirði: Arnarlax C-survey at fish farming site Laugardalur 2019. Hans-Petter Mannvik og Snorri Gunnarsson. Akvaplan-niva AS report 60938.01..	6
Vöktunarskýrsla fyrir sjókvíaeldissvæði Laugardalur, Arnarfirði: Arnarlax B-survey local impact zone, Laugardalur, May 2019 (fallow period). Snorri Gunnarsson. Akvaplan-niva AS B report 60938.	7
Vöktunarskýrsla fyrir sjókvíaeldissvæði Hringsdalur, Arnarfirði: Arnarlax ehf. ASC/C-survey Hringsdalur 2019. Hans-Petter Mannvik og Snorri Gunnarsson. Akvaplan-niva AS report 61656.02. .	8
Vöktunarskýrsla fyrir sjókvíaeldissvæði Hringsdalur, Arnarfirði: Arnarlax B-bottom survey, November 2019 (maximum biomass survey). Arnþór Gústavsson. Akvaplan-niva AS B report 661656.B01.....	9
Vöktun á súrefni í Arnarfirði: Súrefnisskýrsla Arnarfjörður 2019, unnið fyrir Arnarlax. Margrét Thorsteinsson. nV nr. 02-20	9
Heimildir	11

INNGANGUR

Í samræmi við kafla 5 gr. 5.1 í starfsleyfi ber rekstraraðila að vakta helstu umhverfispætti í nágrenni kvíanna og meta álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Niðurstöðum úr þessum athugunum er skilað inn til yfirvalda í sérstökum vöktunarskýrslum sem fjalla um hverja rannsókn eða athugun fyrir sig. Í samræmi við grein 4.3 í starfsleyfum Arnarlax til framleiðslu laxi á sjókvíaeldisstæðum í Arnarfirði (UST 2016, nr. FE-1105) og í starfsleyfi Arnarlax til framleiðslu á laxi í Patreks- og Tálknafirði (UST 2017, nr. FE-1125), ber Arnarlaxi einnig að skila árlega vöktunarskýrslu (fyrir 1. maí) með yfirliti yfir niðurstöður þessara mælinga og skráninga.

Í þessari ársskýrslu vöktunar sem nær yfir tímabilið frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2019 er gerð stuttlega grein fyrir þeim vöktunarrannsóknum á botndýralífi í og við eldiskvíar Arnarlax á Patreksfirði, Tálknafirði og Arnarfirði. Þessar rannsóknir voru unnar í samræmi við vöktunaráætlun Arnarlax. Þá er einnig gerð grein fyrir niðurstöðum úr súrefnismælingum sem Náttúrustofa Vestfjarða sinnir á þremur sniðum í Arnarfirði.

Arnarlax ehf. (kt. 580310-0600) hefur starfsleyfi (útgefið 15. febrúar 2016) fyrir framleiðslu á 10.000 tonnum af laxi á ári í sjókvíum á þremur sjókvíaeldissvæðum sem ná til sex staðsetninga í Arnarfirði (UST 2016).

Fjarðalax (kt. 641109-1770) sem er að fullu í eigu Arnarlax ehf hefur starfsleyfi (útgefið 28. ágúst 2019) fyrir framleiðslu á 10.700 tonnum af laxi á ári í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði sem ná til fjögurra sjókvíaeldissvæða í þessum fjörðum (UST 2017).

Svæðin þrjú í Arnarfirði, Patreksfirði og Tálknafirði eru eftirfarandi:

Sjókvíaeldissvæði A (Haganes og Steinanes)

Sjókvíaeldissvæði B (Tjaldaneseyrar og Hlaðsbót)

Sjókvíaeldissvæði C (Hringsdalur og Kirkjuból)

Sjókvíaeldissvæði í Patreksfirði (Hlaðseyri, Sandoddi og Eyri/Þúfnaeyri)

Sjókvíaeldissvæði í Tálknafirði (Laugardalur)

Í vöktunaráætlun sem er í gildi er lýst tveimur megin gerðum rannsókna sem miða að því að vakta ástand á botndýralífi í og við eldiskvíar. Annars vegar punktsýnataka eða svokölluð B-rannókn þar sem tekin eru botnsýni undir eldiskvíum og hins vegar C-rannsókn þar sem tekin eru sýni bæði við eldiskvíar og í næsta nágrenni þeirra (með áherslu á svæði undan megin straumstefnu). Í C-rannsókn er um ýtarlegri úrvinnslu sýna að ræða bæði hvað snertir gerð botnsets og nákvæma greiningu botndýra. C-rannsóknir eru framkvæmdar eftir atvikum við eftirfarandi aðstæður: Grunnssýnataka (botnrannsókn útfærð áður en fiskur er settur á eldissvæði í fyrsta skipti – á við um nýtt eldissvæði). Lokasýnataka (rannsókn gerð í kringum slátrun eða þegar lífmassi í kvíum er í hámarki). Hvíldarsýnataka (botnrannsókn gerð eftir hvíld svæðis áður en fiskur er settur út á eldissvæði sem hafa verið í hvíld) sem alla jafna er eingöngu B-rannsókn.

Á því tímabili sem þessi ársskýrsla tekur yfir voru framkvæmdar þrjár C-rannsóknir á jafnmörgum eldissvæðum og samhlíða gerðar þrjár B-rannsóknir á þessum sömu eldissvæðum. Í tveimur tilvikum var um hvíldarsýnatöku að ræða og í einu tilviki sýnataka við hámarkslífmassa. Fylgt var þeim viðmiðum og aðferðafræði sem koma fram í norska staðli NS 9410:2016 varðandi C og B rannsóknir og viðmiðum í *ISO 16665:2014* og *ISO 5667-19:2004* stöðlum. Einnig var umhverfisvöktun hagað þannig að sýnatökur úrvinnsla og skýrslugerð uppfyllti kröfur sem gerðar eru til umhverfisvottunar hjá Aquaculture Stewardsip Council – ASC staðlinum (ASC 2012; 2013). Rannsóknir þessar á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni fiskeldissvæða uppfylla einnig kröfur sem gerðar eru í *ISO 12878:2012* staðlinum. Varðandi tíðni og eðli vöktunar hefur Arnarlax gengið lengra en ISO 12878 staðall segir til um og framkvæmt C-rannsóknir jafnframt eftir hvíld svæða sem aukasýnataka. Þetta hefur verið gert meðal annars í því skini að afla góðra gagna um ástand botnsets og botndýralífs á eldissvæðum fyrirtækisins í uppbyggingarfasa sjókvíaeldis. Yfirvöld hafa ekki skilgreint þröskuldsgildi sem hægt væri að vísa til við úrvinnslu á vöktunarmælingum og ákvarða þannig ástand svæða sbr. ISO 12878. Hér hefur því verið notast við viðmiðunargildi úr norska staðli NS 9410:2016 til viðmiðunar. Því ber að taka þeim ályktunum með fyrirvara þar sem viðmiðunargildi hafa ekki verið stöðluð fyrir íslenskar aðstæður.

Eftirfarandi tafla sýnir þær rannsóknir sem unnar voru á árinu 2019.

Staðsetning	Dags. sýnatöku	Ástæða sýnatöku
Tjaldanes, Arnarfjörður	07.03 2019	Hvíldarsýnataka (ASC/C-rannsókn)
Tjaldanes, Arnarfjörður	07.03 2019	Hvíldarsýnataka (B-rannsókn)
Laugardalur, Tálknafjörður	27.05 2019	Hvíldarsýnataka (ASC/C-rannsókn)
Laugardalur, Tálknafjörður	27.05 2019	Hvíldarsýnataka (B-rannsókn)
Hringsdalur, Arnarfjörður	19.11 2019	Hámarkslífmassi (ASC/C-rannsókn)
Hringsdalur, Arnarfjörður	19.11 2019	Hámarkslífmassi (B-rannsókn)

ÁGRIP AF NIÐURSTÖÐUM

BOTNDÝRARANNSÓKNIR

VÖKTUNARSKÝRSLA FYRIR SJÓKVÍAELDISSVÆÐI TJALDANESEYRAR, ARNARFIRÐI: ARNARLAX ASC/ AND C-SURVEY TJALDANESEYRAR 2019. HANS-PETTER MANNVIK OG SNORRI GUNNARSSON. AKVAPLAN-NIVA AS REPORT 60976.01.

Tjaldaneseyrar – Megin niðurstöður úr botndýrarannsókn, C- rannókn/NS 9410 (2016)			
Vistfræðilegur stuðull botndýralíf nEQR (0-1)		Fjölbreytileikastuðull H' (Shannon Wiener)	
nEQR C1 (stöð næst kvíum)	0,519	H' C11	1,72
nEQR C2 (stöð fjærst kvíum)	0,524	H' C2	1,74
nEQR C3	0,579	H' C3	2,09
nEQR C4 (Dýpsta stöð)	0,468	H' C4	1,38
nEQR C5	0,594	H' C5	3,02
Dagsetning sýnatöku:	07.03.2019	Dagsetning skýrslu	11.09 2019
Athugasemdir vegna annarra þátta (botnset, pH/Eh, súrefni)			nTOC frá 23,4 til 35,3. Kopar 48,0 á stöð C1. Redox jákvætt á öllum stöðvum. Súrefnisgildi góð í allri vatnssúlu.

Í skýrslunni eru birtar niðurstöður úr botnsýnatöku (C-rannsókn) sem framkvæmd var 7. mars 2019. Tekin voru botnsýni á fimm stöðvum í mismunandi fjarlægð frá kvíabyrpingu (80-500 m). Um var að ræða "Hvíldarsýnatöku" en á sýnatökudegi hafði sjókvíaeldissvæðið staðið tómt án laxa í kvíum í um tvö ár. Niðurstöður gefa vísbendingar um nokkuð lífrænt álag á svæðinu sbr. gildi fyrir heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) en í ljósi þess að svæðið hefur verið tvö ár í hvíld má leiða að því líkum að hér sé að nokkru leyti um náttúrulegt ástand að ræða. Redoks gildi voru jákvæð á öllum sýnatökustöðvum. Ekki eru merki um álag á botndýrafánu og nEQR (vistfræðilegur stuðull) bendir til miðlungs góðs ástands (Veiledar 02:2018) á öllum stöðvum. Fjölbreytileikastuðull (H') botndýra var lægri en 3 á öllum stöðvum nema stöð C5 (H'=3,02). Engar vísitengundir um lífrænt álag greindust á meðal topp tíu algengustu burstaorma á sýnatökustöðvum. Súrefnismettun var góð í allri vatnssúlu og mettnun var um 100% við botn.

Ekki liggja fyrir eldri niðurstöður úr botndýrarannsóknnum sem hægt er að bera saman við niðurstöður þessarar rannsóknar. Við eldi á fyrri kynslóðum var sjókvíastöð nokkru nær landi en fyrirhuguð sjókvíastöð næstu kynslóðar hefur verið flutt nokkuð utar í fjörðinn. Því er erfitt að bera fyrri rannsóknir (Gallo and Thorsteinsson, 2017) beint saman við þessar niðurstöður. Í fyrri rannsókn komu fram neikvæð redox gildi á sýnatökustöðvum næst sjókvíum Fjölbreytileikastuðull í fyrri rannsókn var á bilinu 1.37 – 2.27 sem tónar nokkuð við niðurstöður rannsóknar í mars 2019. Eins og áður sagði er erfitt að bera niðurstöður úr rannsókn 2019 saman við fyrri rannsókn þar sem eldissvæði hefur verið flutt til frá því sem áður var og í fyrri rannsókn

voru erfiðleikar með að afla botnsýna vegna harðs botns. Í núverandi rannsókn sem gerð er eftir um tveggja ára hvíldartíma og því nokkurs konar grunnrannsókn má segja að ástand virðist gott á svæðinu. Nokkrar vísbendingar eru um lífrænt álag án greinilegra neikvæðra áhrifa á botndýralíf.

VÖKTUNARSKÝRSLA FYRIR SJÓKVÍAELDISSVÆÐI TJALDANESEYRAR, ÁRNARFIRÐI: TJALDANESEYRAR, ÁRNARLAX HF FORUNDERSØKELSE (B-UNDERSØKELSE) MARS 2019. SNORRI GUNNARSSON. AKVAPLAN-NIVA AS RAPPORT B 60976.01 .

Í skýrslunni eru birtar niðurstöður úr botnsýnatöku við og undir kvíastæði (punktmæling B-botnrannsókn) sem framkvæmd var 7. mars á eldissvæði við Tjaldaneseyrar. Fyrirhugað sjókvíastæði liggur nokkuð utar í firðinum en fyrra sjókvíastæði lá auk þess sem svæðið hefur verið í hvíld í um 2 ár. Því er um eins konar grunnrannsókn á svæðinu að ræða. Eldissvæðið fær 1 í einkunn (skalinn er 1-4) eða "Mjög gott". Allar 11 sýnatökustöðvar fengu einkunn 1 „mjög gott“ fyrir parametra II og III (pH/redox og skynmat). Botngerð á sýnatökusvæðinu var nokkuð breytileg með misþykku lagi af mjúkri leðju, mól og skeljasandi og aðeins bar á hörðum botni einkum á grynnri enda svæðis nær landi. Heildareinkun svæðis er 1 "Mjög gott" ástand (sbr. leiðbeiningar og viðmið í NS 9410:2016).

VÖKTUNARSKÝRSLA FYRIR SJÓKVÍAELDISSVÆÐI LAUGARDAL, TÁLKNAFIRÐI: ÁRNARLAX C-SURVEY AT FISH FARMING SITE LAUGARDALUR 2019. HANS-PETTER MANNVIK OG SNORRI GUNNARSSON. AKVAPLAN-NIVA AS REPORT 60938.01.

Laugardalur – Megin niðurstöður úr botndýrarannsókn, C- rannsókn/NS 9410 (2016)			
Vistfræðilegur stuðull botndýralíf nEQR (veileder 02.2018)		Fjölbreytileikastuðull H' (Shannon Wiener)	
nEQR C1 (stöð næst kvíum)	0,610	H' C11	2,98
nEQR C2 (stöð fjærst kvíum)	0,604	H' C2	2,76
nEQR C3	0,672	H' C3	3,27
nEQR C4 (Dýpsta stöð)	0,567	H' C4	2,46
nEQR C5	0,604	H' C5	2,71
nEQR C6	0,716	H' C6	4,26
Dagsetning sýnatöku:	27.05.2019	Dagsetning skýrslu	23.09 2019
Athugasemdir vegna annarra þátta (botnset, pH/Eh, súrefni)			nTOC frá 21,7 til 33,2. Kopar frá 29,7 – 38,0 mg/kg. Redox jákvætt á öllum stöðvum. Súrefnisgildi góð í allri vatnssúlu.

Í skýrslunni eru birtar niðurstöður úr botnsýnatöku (C-rannsókn) sem framkvæmd var 27. maí 2019. Tekin voru botnsýni á seks stöðvum í mismunandi fjarlægð frá kvíabyrpingu (35-745 m).

Um var að ræða "Hvildarsýnatöku" en á sýnatökudegi hafði sjókvíaeldissvæðið staðið tómt án laxa í kvíum í um átta mánuði. Áður hafa verið aldar tvær kynslóðir eldisfisks á svæðinu.

Niðurstöður gefa vísbendingar um nokkuð lífrænt álag á svæðinu sbr. gildi fyrir heildarmagn lífræns kolefnis (nTOC) frá 21,7 -33,2 mg/kg (gott til miðlungs ástandi sbr. veileder 02:2018). Kopar gildi voru á bilinu frá 29,7 – 38,0 mg/kg sem er innan náttúrlegra gilda við strendur landsins. Redoks gildi voru jákvæð á öllum sýnatökustöðvum. Engar vísitengundir um lífrænt álag greindust á meðal topp tíu algengustu burstaorma á sýnatökustöðvum og nEQR (vistfræðilegur stuðull) bendir til góðs til miðlungs góðs ástands (Veileder 02:2018). Fjölbreytileikastuðull (H´) botndýra var lægri en yfir 3 á öllum stöðvum C3, og C5 en rétt undir 3 á öðrum stöðvum.. Súrefnismettun var góð í allri vatnssúlu og mettnun var um 80% við botn.

Í fyrri C rannsókn sem gerð var árið 2017 (Velvin og Gunnarsson, 2018) við hámarks lífmassa voru niðurstöður áþekkar því sem kom fram í hvíldarsýnatöku árið 2019. Þetta á bæði við um vísbendingar um lífrænt álag og ástand botndýra. Í rannsókn 2019 sem gerð er eftir um átta mánaða hvíldartíma og má segja að ástand virðist nokkuð gott á svæðinu bæði hvað snertir lífrænt álag og ástand botndýralífs.

VÖKTUNARSKÝRSLA FYRIR SJÓKVÍAELDISSVÆÐI LAUGARDALUR, ARNARFIRÐI: ARNARLAX B-SURVEY LOCAL IMPACT ZONE, LAUGARDALUR, MAY 2019 (FALLOW PERIOD). SNORRI GUNNARSSON. AKVAPLAN-NIVA AS B REPORT 60938.

Í skýrslunni eru birtar niðurstöður úr botnsýnatöku fyrir útsetningu seiða (hvíldarsýnataka) við og undir kvíastæði (punktmæling B- botnrannsókn) sem framkvæmd var 27. Maí 2019 á eldissvæði Laugardal á Tálknafirði. Aldar hafa verið tvær kynslóðir eldisfisks svæðinu og ein kynslóð á svæði sem liggur nokkuð vestar en núverandi kvíastæði.

Eldissvæðið fær 1 í einkunn (skalinn er 1-4) eða ástand "Mjög gott". Af 20 sýnatökustöðvum fengu 16 stöðvar einkunn 1 „mjög gott“ og 4 stöðvar einkunn 2 „gott“ fyrir parametra II og III (pH/redox og skynmat). Niðurstöður benda til fremur lítils lífræns álags á svæðinu í heild sinni en vísbendingar um að uppsöfnun lífrænna leifa sé meiri á vestari hluta svæðis undan straumstefnu þar sem mesta dýpi er. Í samanburði við fyrri B-rannsókn árið 2017 (Gunnarsson, 2019) sem gerð var við hámarkslífmassa var heildarástand svæðisins metið "Mjög gott" (sbr. leiðbeiningar og viðmið í NS 9410:2016) en þó komu þar fram sterkari vísbendingar um nokkuð lífrænt álag á vestari hluta sjókvísvæðis og því virðist ástandi heldur hafa færst til betri vegar eftir hvíld.

VÖKTUNARSKÝRSLA FYRIR SJÓKVÍAELDISSVÆÐI HRINGSDALUR, ARNARFIRÐI: ARNARLAX EHF. ASC/C-SURVEY HRINGSDALUR 2019. HANS-PETTER MANNVIK OG SNORRI GUNNARSSON. AKVAPLAN-NIVA AS REPORT 61656.02.

Hringsdalur – Megin niðurstöður úr botndýrarrannsókn, C- rannókn/NS 9410 (2016)			
Vistfræðilegur stuðull botndýralíf nEQR (veileder 02.2018)		Fjölbreytileikastuðull H' (Shannon Wiener)	
nEQR Hr1 (stöð næst kvíum)	0,262	H' Hr11	0,96
nEQR Hr2 (stöð fjærst kvíum)	0,637	H' Hr2	3,42
nEQR Hr3	0,284	H' Hr3	1,50
nEQR Hr4 (Dýpsta stöð)	0,256	H' Hr4	1,39
nEQR Hr5	0,642	H' Hr5	4,07
Dagsetning sýnatöku:	19.11.2019	Dagsetning skýrslu	21.01 2020
Athugasemdir vegna annarra þátta (botnset, pH/Eh, súrefni)			nTOC frá 26,5 til 58,1. Kopar frá 27,2 – 35,0 mg/kg. Redox jákvætt á öllum stöðvum. Súrefnisgildi góð í allri vatnssúlu.

Í skýrslunni eru birtar niðurstöður úr botnsýnatöku (C-rannsókn) sem framkvæmd var 19. nóvember 2019. Tekin voru botnsýni á 5 stöðvum í mismunandi fjarlægð frá kvíaþyrpingu (30-500 m). Um var að ræða sýnatöku við "hámarkslífmassa" en um er að ræða aðra kynslóð eldisfisks á svæðinu.

Niðurstöður gefa vísbendingar um nokkuð lífrænt álag á svæðinu einkum á stöð Hr1 sem var næst kvíaþyrpingu en þar var gildi fyrir heildarmagn lífræns kolefnis (nTOC) 58,1 mg/kg en lægri gildi á öðrum stöðvum. Kopar gildi voru á bilinu frá 26,5 – 35,0 mg/kg sem er innan náttúrlegra gilda við strendur landsins. Redoks gildi voru jákvæð á öllum sýnatökustöðvum. Vísbendingar um röskun á botndýralífi komu fram fyrir stöðvar Hr1, Hr3 og Hr4 þar sem fjölbreytileikastuðull H' < 1.5 og nEQR (vistfræðilegur stuðull) vær < 0.3. Á stöðvum Hr 2 og Hr5 var fjölbreytileikastuðull > 3.0 og nEQR > 0.6. Samkvæmt viðmiðum í NS 9410:2016 er botndýrasamfélag á stöð Hr1 (stöð næst eldiskvíum) metið sem ástand 2 "Gott". Burstaormurinn *Capitella capitata* (vísitengund um lífræna mengun) var ríkjandi tegund á stöðvum Hr1, Hr3 og Hr4 og var á meðal topp tíu algengustu tegunda á stöðvum Hr2 og Hr5. Súrefnismettun var góð í allri vatnssúlu með metnun um 92% við botn.

Í samanburði við fyrri C-rannsókn fyrir útsetningu seiða (Hvíldarsýnataka) sem gerð var í maí árið 2018 (Gunnarsson og Mannvik, 2019) sem og í samanburði við C-rannsókn sem gerð var við hámarkslífmassa fyrri kynslóðar við Hringsdal í nóvember 2017 (Velvin og Gunnarsson, 2018) virðist sem lífrænt álag hafi heldur aukist einkum á stöðvum næst sjókvíum.

VÖKTUNARSKÝRSLA FYRIR SJÓKVÍAELDISSVÆÐI HRINGSDALUR, ARNARFIRÐI: ARNARLAX B-BOTTOM SURVEY, NOVEMBER 2019 (MAXIMUM BIOMASS SURVEY). ARNÞÓR GÚSTAVSSON. AKVAPLAN-NIVA AS B REPORT 661656.B01.

Í skýrslunni eru birtar niðurstöður úr botnsýnatöku við hámarkslífmassa við og undir kvíastæði (punktmæling B- botnrannsókn) sem framkvæmd var 1. nóvember 2019 á eldissvæðinu Hringsdalur í Arnarfirði. Þetta er önnur kynslóð eldisfisks á svæðinu.

Eldissvæðið fær heildareinkunn eða ástand 1 (skalinn er 1-4) eða "Mjög gott". Af 16 sýnatökustöðvum fengu 10 stöðvar einkunn 1 „mjög gott“, 3 stöðvar einkunn 2 „gott“ og 3 stöðvar einkunn 3 "slæmt" fyrir parametra II og III (pH/redox og skynmat). Sýnatökustöðvar sem fengu ástand "slæmt" eru einkum á suðvestur horni sjókvíastöðvar þar sem búast má við mestri uppsöfnun á lífrænu seti miðað við straumstefnu.

Í samanburði við fyrri B-rannsókn árið 2017 (Gunnarsson, 2019) sem gerð var við hámarkslífmassa var heildarástand svæðisins einnig metið með ástand 1 "Mjög gott" en þar komu þó fram vísbendingar um nokkuð lífrænt álag á vestari hluta sjókvíastæðis. Við hvíldarsýnatöku sem gerð var í maí 2018 virtist ástand heldur hafa færst til betri vegar (Gunnarsson, 2018). Ástandið virðist því standa nokkuð í stað á milli B-rannsókna við hámarkslífmassa við Hringsdal.

VÖKTUN Á SÚREFNI Í ARNARFIRÐI: SÚREFNISKÝRSLA ARNARFJÖRÐUR 2019, UNNIÐ FYRIR ARNARLAX. MARGRÉT THORSTEINSSON. NV NR. 02-20 .

Að beiðni Arnarlax hefur Náttúrustofa Vestfjarða tekið saman árlegt yfirlit yfir súrefnis- hita og seltumælingar sem Náttúrustofan framkvæmir í Arnarfirði fyrir árið 2019. Náttúrustofa Vestfjarða hóf vöktun á þremur stöðvum í Arnarfirði árið 2016 og hefur gert svo síðan.

Mæling á súrefni, hita og seltu var gerð 7. mars og 18. október árið 2019 en ekki náðist að framkvæma mælingu í desember vegna óhagstæðra veðurskilyrða. Mælt var á þrem stöðvum; við Baulhús sem er í ytri hluta Arnarfjarðar og við Gíslasker og Haganesi sem er í innri hluta Arnarfjarðar.

Niðurstöður mælinga sem gerðar voru 7. mars sýndu lítinn mun á mælingum upp vatnssúluna. Súrefnisstyrkur var hár eða yfir 7 ml/l við sjávarbotninn á öllum stöðvum. Hitastig við sjávarbotninn var lágt eða 1,5°C og seltustig 34,3% á öllum stöðvum.

Niðurstöður mælinga sem gerðar voru 18. október sýndu töluverðan mun á mælingum upp vatnssúluna. Súrefnisstyrkur var hár við yfirborðið eða yfir 6,51 ml/l en lágur við botninn við Gíslasker 2,88 ml/l og við Baulhús 3,61 ml/l. Við Haganes hins vegar var frekar hár súrefnisstyrkur við sjávarbotninn eða 5,21 ml/l. Hitastig við sjávarbotninn var 5,9°C við Baulhús og Haganes en 5,2°C við Gíslasker. Seltustig við sjávarbotninn var 34,5% á öllum stöðvum.

Súrefnisástand var gott á öllum stöðvum í mælingum 2019 nema við Gíslasker 18. október, súrefnisstyrkur þar mældist 2,88 ml/l og var rétt undir 3 ml/l mörkum og hefur því áhrif á

tegundafjölbreytileika botndýra samkvæmt flokkun Buhl-Mortensen o.fl (2006). Niðurstöður vöktunar milli ára hafa sýnt mun á súrefnisstyrk við sjávarbotninn á milli ytri og innri hluta Arnarfjarðar. Súrefnisstyrkur við Baulhús sem er nær fjarðarmynni hefur frá 2016 mælst hærrí en innar í firðinum við Gíslasker og Haganes þar til 2019 þá mælist súrefnisstyrkurinn hæst við Haganes.

HEIMILDIR

Buhl-Mortensen, L. Aure, J. Alve, E., Oug, E. & Husum K. 2006. Effects of hypoxia on fjordfauna: The bottomfauna and environment in fjords on the Skagerrak coast. *Fisken og Havet* 3:108 p.

Direktoratgruppen, 2018. Klassifisering av miljøtilstand i vann. *Veileder* 02:2018. 139 s.

Gallo, C. and Thorsteinsson, M., 2017. Vöktun á fiskeldi við Tjaldaneseyrar. Lokaskýrsla 2017, Unnið fyrir Arnarlax. NV nr. 24-17.

Gunnarsson, S. 2019. Tjaldaneseyrar, Arnarlax hf. Forundersøkelse (B-undersøkelse) mars 2019. APN B rapport 60976.01. 18 s

Gunnarsson, S. 2018. Arnarlax hf. B-undersøkelse, november 2017 Hringsdalur. APN rapport 9187.02. 17 s

Gunnarsson, S. 2018. Arnarlax hf. B-undersøkelse, mai 2018 Hringsdalur (undersøkelse ved brakklegging). APN B rapport 60320.01. 19 s

Gunnarsson, S. 2019. Arnarlax. B-undersøkelse ved Laugardalur. APN B rapport 9207.01 22 s

Gustavsson, A. 2020. Hringsdalur, Arnarlax hf. B-bottom survey, November 2019 (maximum biomass survey). APN report 61656.B01 19 s

ISO 5667-19, 2004. Guidance on sampling of marine sediments.

ISO 16665, 2005. Water quality – Guidelines for quantitative sampling and sample processing of marine soft-bottom macro fauna.

NS 9410, 2016. Norsk standard for miljøovervåking av bunnpåvirkning fra marine akvakulturanlegg.

Mannvik, H-P. og Gunnarsson, S., 2019. Arnarlax ASC- and C-survey Tjaldaneseyrar. APN report 60976.01 39 s

Mannvik H-P. og Gunnarsson, S., 2019. Arnarlax. ASC- og C-undersøkelse Hringsdalur, 2018. APN-rapport 60320.01.

Mannvik H-P. og Gunnarsson, S., 2020. Arnarlax efh. ASC- and C-survey Hringsdalur, 2019. APN-rapport 61656.02.

Thorsteinsson, M., 2020. Súrefnisskýrsla Arnarfjörður 2019. Unnið fyrir Arnarlax. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 02-20. 14 s.

Velvin, R. og Gunnarsson, S., 2018b. Arnarlax ASC- og C-undersøkelse Laugardalur 2017. APN C rapport 9207.01. 20 s

Velvin, R. og Gunnarsson, S., 2018. Arnarlax. ASC- og C-undersøkelse Hringsdalur, 2017. APN-rapport 9187.01.



Viðauki 2 Ársskýrsla vegna vöktunar 2018. Arnarlax hf.

Akvaplan-niva AS
Rådgivning og forskning

innen miljø og akvakultur
Org.nr: NO 937 375 158 MVA

www.akvaplan.niva.no

Norge – Island – Frankrike – Russland – Spania

Islands-kontoret (svaradresse)
Akralind 4

201 Kópavogur
Tlf: +354 564 5820

Kt. 700402 -7030

Deres ref; Vöktunarskýrsla Arnarlax hf.
Vár ref: 60123

Konsulent: Snorri Gunnarsson
Mobil: +354 862 7535

E-post: sgu@akvaplan.niva.no

Dato: Kópavogur 27.04 2019

Ársskýrsla vegna vöktunar 2018

Arnarlax hf.

Snorri Gunnarsson

Apríl 2019

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Ágrip af niðurstöðum	5
Botndýrarannsóknir.....	5
Vöktunarskýrsla fyrir sjókvíældissvæði Hringsdal, Arnarfirði: Arnarlax ASC/ og C-undersøkelse Hringsdalur 2018. Hans-Petter Mannvik og Snorri Gunnarsson. Akvaplan-niva AS rapport 60320.01.	5
Vöktunarskýrsla fyrir sjókvíældissvæði Hringsdal, Arnarfirði: Arnarlax hf B-undersøkelse, mai 2018 Hringsdalur. Snorri Gunnarsson. Akvaplan-niva AS rapport	6
Vöktunarskýrsla fyrir sjókvíældissvæði Eyri, Patreksfirði: Arnarlax ASC/ og C-undersøkelse Eyri 2018. Hans-Petter Mannvik og Snorri Gunnarsson. Akvaplan-niva AS rapport 60033.01.	6
Vöktunarskýrsla fyrir sjókvíældissvæði Haganes, Arnarfirði: Arnarlax ASC/ og C-undersøkelse Haganes 2018. Hans-Petter Mannvik og Snorri Gunnarsson. Akvaplan-niva AS rapport 60528.01.	7
Vöktunarskýrsla fyrir sjókvíældissvæði Haganes, Arnarfirði: Arnarlax hf B-undersøkelse, september 2018 Haganes. Snorri Gunnarsson. Akvaplan-niva AS rapport	8
Vöktunarskýrsla fyrir sjókvíældissvæði Steinanes, Arnarfirði: Arnarlax ASC/ og C-undersøkelse Steinanes 2018. Hans-Petter Mannvik og Snorri Gunnarsson. Akvaplan-niva AS rapport 60526.01. ...	9
Vöktunarskýrsla fyrir sjókvíældissvæði Steinanes, Arnarfirði: Arnarlax hf B-undersøkelse, september 2018 Steinanes. Snorri Gunnarsson. Akvaplan-niva AS rapport	10
Vöktun á súrefni í Arnarfirði: Súrefnisskýrsla Arnarfjörður. Margrét Thorsteinsson. nV nr. 7-19	10
Sjósýnatökur niðurstöður	11
Heimildir.....	13

INNGANGUR

Í samræmi við kafla 5 gr. 5.1 í starfsleyfi ber rekstraraðila að vakta helstu umhverfispætti í nágrenni kvíanna og meta álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Niðurstöðum úr þessum athugunum er skilað inn yfirvalda í sérstökum vöktunarskýrslum sem fjalla um hverja rannsókn eða athugun fyrir sig. Í samræmi við grein 4.3 í starfsleyfum Arnarlax til framleiðslu laxi á sjókvíaeldisstæðum í Arnarfirði (UST 2016, nr. FE-1105) og í starfsleyfi Arnarlax til framleiðslu laxi í Patreks- og Tálknafirði (UST 2017, nr. FE-1125), ber Arnarlaxi einnig að skila árlega vöktunarskýrslu (fyrir 1. maí) með yfirliti yfir niðurstöður þessara mælinga og skráninga.

Í þessari ársskýrslu vöktunar sem nær yfir tímabilið frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2018 er gerð stuttlega grein fyrir þeim vöktunarrannsóknum á botndýralífi í og við eldiskvíar Arnarlax á Patreksfirði, Tálknafirði og Arnarfirði. Þessar rannsóknir voru unnar í samræmi við vöktunaráætlun fyrir tímabilið 2018 til 2023 fyrir þessi svæði sem skilað var inn til Umhverfisstofnunar á vormánuðum 2018. Þá er einnig gerð grein niðurstöðum úr súrefnismælingum sem Náttúrustofa Vestfjarða sinnir á þremur sniðum í Arnarfirði. Að lokum er gerð grein fyrir niðurstöðum vöktunar á mettun súrefnis á þremur djúpsvæðum í Arnarfirði og niðurstöðum úr greiningu á fosfór og köfnunarefni í sjósýnum sem tekin voru við eldissvæði Laugardal, Haganes og Steinanes.

Arnarlax hf. (kt. 580310-0600) hefur starfsleyfi (útgefið 15. febrúar 2016) fyrir framleiðslu á 10.000 tonnum af laxi á ári í sjókvíum á þremur sjókvíaeldissvæðum sem ná til sex staðsetninga í Arnarfirði (UST 2016).

Arnarlax hefur einnig starfsleyfi (útgefið 13. Desember 2017) í gegnum Fjarðalax ehf. (kt. 580310-0600) fyrir framleiðslu á 10.700 tonnum af laxi á ári í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði sem ná til sex sjókvíeldisstæða í þessum fjörðum (UST 2017).

Svæðin þrjú í Arnarfirði eru eftirfarandi:

Sjókvíaeldissvæði A (Haganes og Steinanes)

Sjókvíaeldissvæði B (Tjaldaneseyrar og Hlaðsbót)

Sjókvíaeldissvæði C (Hringsdalur og Kirkjuból)

Sjókvíaeldissvæði í Patreksfirði (Hlaðeyri, Sandoddi og Eyri/Þúfnaeyri)

Sjókvíaeldissvæði í Tálknafirði (Sveinseyri, Suðureyri og Laugardalur)

Í vöktunaráætlun sem er í gildi er lýst tveimur megin gerðum rannsókna sem miða að því að vakta ástand á botndýralífi í og við eldiskívar. Annars vegar punktsýnataka eða svokölluð B-rannókn þar sem tekin eru botnsýni undir eldiskívum og hins vegar C-rannsókn þar sem tekin eru sýni bæði við eldiskívar og í næsta nágrenni þeirra (með áherslu á svæði undan megin straumstefnu). Í C-rannsókn er um ýtarlegri úrvinnslu sýna að ræða bæði hvað snertir gerð botnsets og nákvæma greiningu botndýra. C-rannsóknir eru framkvæmdar eftir atvikum við eftirfarandi aðstæður: Grunn-sýnataka (botnrannsókn útfærð áður en fiskur er settur á eldissvæði í fyrsta skipti – á við um nýtt eldissvæði). Lokasýnataka (rannsókn gerð í kringum slátrun eða þegar lífmassi í kvíum er í hámarki). Hvíldarsýnataka (botnrannsókn gerð eftir hvíld svæðis áður en fiskur er settur út á eldissvæði sem hafa verið í hvíld) sem alla jafna er eingöngu B-rannsókn. Eins og áður er bent á hefur Arnarlax gengið lengra en ISO 12878 staðall segir til um og framkvæmt C-rannsóknir jafnframt eftir hvíld svæða sem aukasýnataka. Þetta hefur verið gert meðal annars í því skini að afla góðra gagna um ástand botnsets og botndýralífs á eldissvæðum fyrirtækisins.

Á því tímabili sem þessi ársskýrsla tekur yfir voru framkvæmdar þrjár C-rannsóknir á jafnmörgum eldissvæðum og samhliða gerðar þrjár B-rannsóknir á þessum sömu eldissvæðum. Jafnframt var framkvæmd ein grunnrannsókn á eldissvæði Eyri í Patreksfirði. Við þessar rannsóknir var fylgt þeim viðmiðum og aðferðafræði sem koma fram í norska staðli NS 9410:2016 varðandi C og B rannsóknir og við umhverfisrannsóknir var fylgt aðferðafræði með vísan til ISO 16665:2014 og ISO 5667-19:2004 staðla. Einnig var umhverfisvöktun hagað þannig að sýnatökur úrvinnsla og skýrslugerð uppfyllti kröfur sem gerðar eru til umhverfisvottunar hjá Aquaculture Stewardsip Council – ASC staðlinum (ASC 2012; 2013). Rannsóknir þessar á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni fiskeldissvæða uppfylla einnig kröfur sem gerðar eru í ISO 12878:2012 staðlinum. Varðandi tíðni og eðli vöktunar hefur Arnarlax gengið lengra en ISO 12878 staðall segir til um og framkvæmt C-rannsóknir jafnframt eftir hvíld svæða sem aukasýnataka. Þetta hefur verið gert meðal annars í því skini að afla góðra gagna um ástand botnsets og botndýralífs á eldissvæðum fyrirtækisins. Yfirvöld hafa ekki skilgreint þröskuldsgildi sem hægt væri að vísa til við úrvinnslu á vöktunarmælingum og ákvarða þannig ástand svæða sbr. ISO 12878. Hér hefur því verið notast við viðmiðunargildi úr norska staðli NS 9410:2016 til viðmiðunar. Þeim einkunum ber þó að taka með fyrirvara þar sem viðmiðunargildi hafa ekki verið stöðluð fyrir íslenskar aðstæður.

Eftirfarandi tafla sýnir þær rannsóknir sem unnar voru á árinu 2018.

Staðsetning	Dags. sýnatöku	Ástæða sýnatöku
Hringsdalur, Arnarfjörður	16.05 2018	Hvíldarsýnataka (ASC/C)
Hringsdalur, Arnarfjörður	16.05 2018	Hvíldarsýnataka (B-rannsókn)
Eyri, Patreksfjörður	17.05 2018	Grunnsýnataka
Haganes, Arnarfjörður	05.09 2018	Lokasýnataka (ASC/C)
Haganes, Arnarfjörður	05.09 2018	Lokasýnataka (B-rannsókn)
Steinanes, Arnarfjörður	25.09 2018	Lokasýnataka (ASC/C)
Steinanes, Arnarfjörður	25.09 2018	Lokasýnataka (B-rannsókn)

ÁGRIP AF NIÐURSTÖÐUM

BOTNDÝRARANNSÓKNIR

VÖKTUNARSKÝRSLA FYRIR SJÓKVÍAELDISSVÆÐI HRINGSDAL, ARNARFIRÐI: ARNARLAX ASC/ OG C-UNDERSØKELSE HRINGSDALUR 2018. HANS-PETTER MANNVIK OG SNORRI GUNNARSSON. AKVAPLAN-NIVA AS RAPPORT 60320.01.

Hringsdalur – Megin niðurstöður úr botndýrarannsókn, C- rannókn/NS 9410 (2016)			
Vistfræðilegur stuðull botndýralíf nEQR (0-1)		Fjölbreytileikastuðull H' (Shannon Wiener)	
nEQR Hr1 (stöð næst kvíum)	0,442	H' Hr1	2,53
nEQR Hr2 (stöð fjærst kvíum)	0,631	H' Hr2	3,56
nEQR Hr3	0,612	H' Hr3	3,15
nEQR Hr4 (Dýpsta stöð)	0,593	H' Hr4	3,19
nEQR Hr5	0,541	H' Hr5	2,83
